

## Tryggingarskilmálar

Tryggingarskilmálar þessir beina orðum sínum til þín sem tryggingartaka okkar og samningsaðila.

### A-hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B-hluta.

### ÁhættuLíftrygging Plús E307

	Blaðsíða
1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta.....	1
2. Bætur úr hagnaðarhlutdeild.....	2
3. Reglur ef samið er um gjaldskrá reyklusra	3
4. Bótapegi og millifærsla bóta.....	4
5. Útilokun bóta og takmarkanir bóta.....	4
6. Samstarfsskyldur .....	5
7. Kostnaður vegna samningsins .....	5
8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds.....	6
9. Uppsögn .....	6
10. Möguleikar við samningsgerð .....	7
11. Breytingar á ÁhættuLíftryggingu Plús E307	9

### B-hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér er að finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A-hluta. Reglur B-hluta gilda um allan samninginn svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

	Blaðsíða
1. Tilkyningaskylda fyrir samningsgerð.....	11
2. Skyldur sem snerta iðgjaldsgreiðslu .....	11
3. Frekari samstarfsskyldur .....	12
4. Breytingar á B-hluta .....	13

### C-hluti - Almennar reglur

Reglur C-hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

	Blaðsíða
1. Upphaf tryggingarverndar .....	14
2. Tryggingarskírteini .....	14
3. Þýskur réttur .....	14
4. Varnarþing .....	14
5. Fyrning .....	14
6. Upplýsingar á samningstíma .....	15
7. Breytingar á C-hluta.....	15

### Hugtakaskýringar

Í lok tryggingarskilmálanna er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem notuð eru í textanum. Í texta fyrsta tryggingarþátta eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi: →**Tryggingartaki**.

	Blaðsíða
Hugtakaskýringar .....	16

## A-hluti - Bótapættir

Hér er að finna sérstakar reglur er varða þá þætti sem um samdist okkar í millum. Hér má einkum lesa hvaða bætur við greiðum og í hvaða tilvikum bætur eru skertar eða útilokaðar. Auk þess er lýst sérstökum skyldum og skuldbindingum sem hafa verður í huga. Skyldur og skuldbindingar sem gilda um alla þætti er einnig að finna í B-hluta.

### Áhættulíftrygging Plús E307

Hér er að finna reglur Áhættulíftryggingar Plús. Ef fleiri þættir eru innifaldir í samningnum þá er í reglum þeirra fjallað um Áhættulíftryggingu Plús sem Grunnþátt.

## 1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

Í þessum lið er fjallað um:

- 1.1 Hvaða bætur greiðum við við andlát?
- 1.2 Hvaða bætur greiðum við við alvarlegan sjúkdóm þar sem líklegur ólífaður tími er í hæsta lagi 12 mánuðir?
- 1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

### 1.1 Hvaða bætur greiðum við við andlát?

#### (1) Bætur við andlát

Falli →hinn tryggði frá fyrir umsamin lok tryggingartímans greiðum við þann tryggða höfuðstól sem umsamin var í því tilviki. Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir (→félagatryggingar) greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól við fráfall þess sem fyrstur deyr.

Ef fleiri en einn →hinna tryggðu falla frá samtímis greiðum við tryggðan höfuðstól aðeins einu sinni.

Með greiðslu höfuðstólsins rennur tryggingin út.

#### (2) Hærri bætur við andlát við sérstakar aðstæður

##### a) Fæðing eða ættleiðing barns

Ef →hinn tryggði andast innan fyrstu 3ja mánaða frá fæðingu barns hins tryggða eða frá því að hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling, greiðum við höfuðstól sem nemur 25.000 evrum, óháð bótum samkvæmt 1. mgr. Ef um fjölbura fæðingar eða ættleiðingar fleiri en eins barns er að ræða greiðum við höfuðstólinn aðeins einu sinni.

Ef okkur er tilkynnt skriflega (til dæmis í bréfi, símbrefi, tölvupósti) um fæðinguna eða ættleiðinguna innan þriggja mánaða lengist þessi aukna tryggingarvernd við andlát upp í samtals sex mánuði.

Með greiðslu höfuðstólsins rennur tryggingin út.

##### b) Bygging hafin eða fasteign keypt

Ef →hinn tryggði andast innan fyrstu 3ja mánaða frá upphafi byggingar eða kaupum á fasteign, greiðum við höfuðstól að upphæð 25.000 evrur, óháð bótum samkvæmt 1. mgr. Fresturinn hefst frá og með veitingu byggingarleyfis eða þinglýsingu kaupsamnings.

Ef okkur er tilkynnt skriflega (til dæmis í bréfi, símbrefi, tölvupósti) um byggingu eða kaup fasteignar innan þriggja mánaða lengist þessi aukna tryggingarvernd við andlát upp í samtals níu mánuði. Fresturinn hefst frá og með veitingu byggingarleyfis eða þinglýsingu kaupsamnings.

Með greiðslu höfuðstólsins rennur tryggingin út.

### 1.2 Hvaða bætur greiðum við við alvarlegan sjúkdóm þar sem líklegur ólífaður tími er í hæsta lagi 12 mánuðir?

Hægt er að fara fram á að við greiðum umsamin tryggðan höfuðstól fyrir andlát →hins tryggða komi til alvarlegs sjúkdóms þar sem líklegur ólífaður tími er í hæsta lagi 12 mánuðir.

Ef fleiri en einn félagi eru tryggðir (→félagatryggingar) greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól við alvarlegan sjúkdóm eins →hinna tryggðu.

Ef margir →tryggðir fá alvarlegan sjúkdóm samtímis greiðum við umsamin tryggðan höfuðstól eingöngu einu sinni.

#### (1) Forsendur

- Hinn →tryggði veikist af alvarlegum sjúkdómi á tryggingartímanum. Alvarlegur sjúkdómur er sérhver ólæknandi sjúkdómur sem ágerist og dregur viðkomandi til dauða innan 12 mánaða. Líflíkurar skal sérfræðilæknir í viðkomandi sérgrein og sem starfar í Þýskalandi meta. Afgerandi við mat á líflíkum er tímamunkturinn þegar farið er fram á greiðslu bóta vegna alvarlegs sjúkdóms.
- Það sem eftir er af samningstímanum nemur meira en 12 mánuðum.

#### (2) Áhrif

Með greiðslu höfuðstólsins rennur tryggingin út.

#### (3) Áhrif á aðra þætti

Ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum eða þáttinn Örorkulífeyrir þá renna þeir út.

Ef við greiðum örorkulífeyri, á þeim tímamarki þegar kemur til greiðslu bóta vegna alvarlegs sjúkdóms, höldum við þeirri greiðslu bóta áfram óbreyttri.

### 1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um trygginguna?

#### (1) Reikniforsendur við samningsgerð

Við gerð samningsins notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum bótum:

- dánartíðnitöflu okkar „AZ 2012 T DIFF U“ (→töflur),
- →reiknivextina 0,9 prósent og
- →kostnað vegna Áhættulíftryggingar Plús (sjá nánar í töluð 7.1).

Ef samið var um fleiri þætti beitum við, við útreikning á tryggðum bótum úr þessum þáttum, frekari →töflum sem tilgreindar eru í reglum viðkomandi þátta.

#### (2) Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum

Þegar bætur hækka (til dæmis vegna aukningar) reiknum við viðbótargreiðslur í grundvallaratriðum með reikniforsendunum (einkum →reiknivöxtum, →töflum og →kostnaði vegna Áhættulíftryggingar Plús), sem við lögðum til grundvallar við samningsgerð.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkunardegi og snerta útreikning á → **bótasjóði** í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV), getum við sömu leiðis lagt þær til grundvallar við hækkun bótagreiðslna. Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á → **bótasjóði** breytast á ný, eftir hækkun bóta, getum við, við síðari hækkun bóta, beitt nýju reikniforsendunum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast var beitt við hækkun bóta.

Við greinum þér frá því ef við beitem öðrum reikniforsendum en við samningsgerð eða við síðustu hækkun bóta.

Þegar bætur hækka leggjum við, við útreikning á viðbótarbótum, í hæsta lagi þau prósentustig → **kostnaðar** vegna Áhættulíftryggingar Plús til grundvallar, sem lögð voru til grundvallar við samningsgerð.

Að undanskildum þeim tilvikum þegar bætur hækka gilda þessar reglur á sama hátt, þegar skilmerkilega er vísað til þeirra í viðkomandi liðum þessara tryggingarskilmála.

## 2. Bætur úr hagnaðarhlutdeild

Um hlutdeild í hagnaði gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þáttar.

Í þessum lið er fjallað um:

- 2.1 Hverjar eru forsendurnar fyrir hlutdeild í hagnaðinum?
- 2.2 Hvernig veitum við samningnum hlutdeild í hagnaðinum?
- 2.3 Hvernig veitum við samningnum hlutdeild í matssjóðunum?

### 2.1 Hverjar eru forsendurnar fyrir hlutdeild í hagnaðinum?

#### (1) Engin trygging fyrir hæð hagnaðarhlutdeildar

Við getum ekki ábyrgst hæð hagnaðarhlutdeildar. Annars vegar ræðst hæð hagnaðarhlutdeildar af mörgum atriðum sem ekki verða séð fyrir og sem við höfum einungis takmörkuð áhrif á. Mikilvægasti áhrifabátturinn er þróun fjármálamarkaðarins. En þróun þeirrar áhættu sem við tryggjum og kostnaðar skipta hér einnig máli. Hins vegar hlýst hagnaðarhlutdeildin af orsakarmiðaðri aðferð (sjá nánar um það í einstökum atriðum í tölulið 2.2). Í óhagstæðasta tilvikum getur hagnaðarhlutdeild samningsins verið núll.

Við upplýsum þig árlega um þróun hagnaðarhlutdeildar.

#### (2) Einstakir liðir hagnaðarhlutdeildar

Hagnaðarhlutdeildin felur í sér 2 liði:

- hlutdeild í hagnaði (sjá nánar einkum tölul. 2.2) og
- hlutdeild í → **matssjóðunum** (sjá nánar einkum tölul. 2.3).

Varðandi hagnaðarhlutdeild förum við að fyrirmælum laga hverju sinni,

- einkum 153. gr. laga um tryggingarsamninga (VVG),
- einkum lagagr. 139 og 140 um eftirlit með tryggingarsamningum (VAG)
- sem og þeim reglugerðum sem gefnar hafa verið út þar um, í þeirri útgáfu sem í gildi er hverju sinni, einkum og sér í lagi reglugerð um lágmarksendurgreiðslu líftryggingariðgjalda (MindZV).

### (3) Ráðandi hagnaður og matssjóðir

Grundvöllur hlutdeildar í hagnaði er hagnaðurinn, sem við finnum árlega innan ramma ársuppgjörsins samkvæmt fyrirmælum verslunarlaga (HGB). Við ákvörðun ársuppgjörs er - að teknu tilliti til gildandi fyrirmæla og reglna um eftirlitsnefndir - ákvarðað hver hlutur árlegs hagnaðar skal vera sem fellur samningum í heild sinni í skaut sem rétt eiga á hagnaði. Þennan hluta hagnaðar færum við → **varasjóði vegna endurgreiðslu** iðgjalda til tekna, svo framarlega sem hann er ekki færður beint hagnaðartengdum samningum til tekna. → **Varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda** má eingöngu ráðstafa til hlutdeildar → **tryggingartaka** í hagnaði. Við getum aðeins í lögheimiludum undantekningartilvikum vikið frá þessu að fengnu samþykki viðkomandi eftirlitsyfirvalda hvað okkur varðar.

Forsenda fyrir hlutdeild í → **matssjóðum** eru matssjóðirnir, sem við reiknum út samkvæmt fyrirmælum verslunarlaga (HGB), sem eru aðgengileg, og á það við um ráðandi fyrirmæli laga um tryggingaefirlit um hlutdeild í matssjóðum allra samninga sem rétt eiga á hlutdeild í matssjóðum.

Færsla yfir í → **varasjóð vegna endurgreiðslu iðgjalda** leiðir ekki til þess að samningurinn eigi kröfu til tiltekinnar hagnaðarhlutdeildar.

### 2.2 Hvernig veitum við samningnum hlutdeild í hagnaðinum?

Hlutdeild í hagnaði fer eftir orsakamiðaðri aðferð. Hér á eftir gerum við grein fyrir því

- hvers vegna við myndum hagnaðarhópa (sjá tölul. 2.2, 1. mgr.),
- hvernig við ákvörðum → **hluti samnings í hagnaði** til að finna → **prósentuhluti í hagnaði** (sjá tölul. 2.2, 1.) og
- hvernig samningurinn öðlast hlutdeild í hagnaði á samningstímanum (sjá tölul. 2.2, 3. mgr.).

Fjármagn til hlutdeildar í hagnaði er alltaf fengið úr → **varasjóði vegna endurgreiðslu iðgjalda** (sjá tölul. 2.1, 3. mgr.). Það er ekki nema slíkt hafi þá þegar verið fært til tekna beint á þá samninga sem rétt eiga á hagnaðarhlutdeild, sem fjármagnið er skuldfært á tekjur rekstrarársins.

#### (1) Myndun hagnaðarhópa

Einstakar tryggingar leggjja mismunandi mikið af mörkum við myndun hagnaðarins. Þess vegna tökum við sambærilegar tryggingar saman í svonefnda hagnaðarhópa. Innan hagnaðarhópanna eru síðan mismunandi undirhópar þar sem horft er til frekari einkenna sem greina þá að. Skipun einstakra samninga í hagnaðar- og undirhóp ræðst til dæmis af

- eðli áhættunnar sem tryggð er (til dæmis andláts- eða örorkuáhætta),
- því stigi sem tryggingin er á (til dæmis fyrir eða eftir upphaf lífeyristöku),
- tryggingarbyrjun eða
- eðli iðgjaldsgreiðslu.

Hagnaði sem ætlaður er öllum samningum í heild sinni, sem rétt eiga á hagnaði, jöfnum við á einstaka hagnaðar- og undirhópa. Þá tökum við mið af því að hve miklu leyti hagnaðar- og undirhópar tóku þátt í myndun hagnaðarins.

Upplýsingar um það hvaða hagnaðar- og undirhópi tryggingin tilheyrir er að finna í tryggingagögnunum undir fyrirsögninni „Hvaða hagnaðarhópar og undirhópar liggja tryggingunni til grundvallar? Skipun í hópa ræður því hvernig hagnaðarhlutur er ráðstafað síðarmeir.

## (2) Prósentuhlutir í hagnaði ákvarðaðir

Til að finna þá hagnaðarhluti sem samningi þínum er úthlutað (sjá tölul. 2.2, 3. mgr.) ákvarðar stjórnin, að fenginni tillögu → **ábyrgs tryggingafræðings** fyrir upphaf hvers almanaksárs, hæð → **prósentuhluti í hagnaði** fyrir eitt ár í senn (svonefnd hagnaðaryfirlýsing).

→ **Prósentuhlutir** í hagnaði einstakra hagnaðar- og undirhópa (sjá tölul. 2.2, 1. mgr.) sem og mismunandi tegunda hagnaðarhluta (sjá tölul. 2.2, 3. mgr.) eru ákvarðaðir sem prósentuhluti tiltekinna → **reiknistuðla**. Ákvörðun → **prósentuhluts** í hagnaði getur í óhagstæðasta tilviki leitt til þess að ekki verði ráðstafað neinum hagnaðarhlut til viðkomandi samnings eða ekki öllum tegundum hagnaðarhlutdeildar sem til álita koma (sjá tölul. 2.2, 3. mgr.).

→ **Prósentuhlutir** í hagnaði eru birtir árlega í viðauka ársskýrslu okkar sem hægt er að fá hjá okkur hvenær sem er, eða við greinum frá þeim með öðrum hætti.

## (3) Hlutdeild í hagnaði

Allt eftir því hvaða hagnaðar- eða undirflokk tryggingin tilheyrir veitum við ÁhættuLíftryggingu Plús hlutdeild í áunnum hagnaði (reglulegir hagnaðarhlutir).

### a) Reglubundnir hagnaðarhlutir fundnir og þeim úthlutað

Hæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Þá leggjum við til grundvallar skilgreinda → **prósentuhluti** hagnaðarhlutdeildar hverju sinni (sjá tölul. 2.2, 2. mgr.) og viðkomandi → **reiknistuðul**.

Skilgreinda → **prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar** leggjum við árlega, í upphafi hvers tryggingarárs, til grundvallar, og gilda þeir allt tryggingarárið.

→ **Reiknistuðull** á meðan iðgjöld eru greidd er það iðgjald sem um var samið fyrir ÁhættuLíftryggingu Plús. Ef tryggingin er iðgjaldsfrí öðlast þú enga hluti í hagnaði.

### b) Ráðstöfun reglubundinna hagnaðarhluta

Með hverju gjaldföllu iðgjaldi öðlast tryggingin hagnaðarhlut sem er skilgreindur sem prósentu af ráðandi iðgjaldi (sjá tölul. 2.2, mgr. 3a)). Hagnaðarhlutirnir reiknast um leið og reglubundnu iðgjöldin berast, allt eftir greiðsluhætti.

## 2.3 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum?

Hlutdeild í → **matssjóðunum** er ákveðin með orsakamiðaðri aðferð. Til ÁhættuLíftryggingar Plús renna engir eða aðeins litlir → **matssjóðir**, þar eð engar eða aðeins óverulegar upphæðir eru til ráðstöfunar til fjárfestinga sem myndað geta matssjóði.

## 3. Reglur ef samið er um gjaldskrá reyklausa

Í þessum lið er fjallað um:

- 3.1 Hvað er að vera reyklaus?
- 3.2 Hvaða sérákvæði gilda um tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?
- 3.3 Hvað gildir um aukna áhættu eftir samningsgerð?
- 3.4 Hvaða réttaráhrif gilda um aukna áhættu eða brot gegn tilkynningaskyldu?
- 3.5 Hvað gildir um eftirlitsrétt okkar?

## 3.1 Hvað er að vera reyklaus?

Reyklaus er sá sem

- reykti ekki sjálfur síðustu 12 mánuði fyrir umsókn og
- ætlar ekki að reykja framvegis.

Að reykja merkir að neyta logandi tóbaks, til dæmis neysla sígaretta, smávindla, vindla eða píputóbaks. Þar að auki telst einnig til reyklinga notkun rafknúinna uppgufunartækja, eins og til dæmis rafretta, rafvindla eða rafpípa sem og notkun vatnspípa (til dæmis Shisha).

## 3.2 Hvaða sérákvæði gilda um tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

Fram að afhendingu samningsyfirlýsingarinnar er skylt að greina okkur sannleikanum samkvæmt og undandráttafrelaust frá því hvort þú reykir. Eigi að tryggja líf einhvers annars, ber hann - auk þín - ábyrgð á því að yfirlýsingin sé sannleikanum samkvæmt.

## 3.3 Hvað gildir um aukna áhættu eftir samningsgerð?

Aukin áhætta er til staða ef → **hinn tryggði** byrjar að reykja eftir samningsgerð. Við tökum að okkur tryggingarverndina í trausti þess að þú aukir ekki hættuna, eða heimilir ekki aukningu hennar, eftir samningsgerð án samþykkis okkar. Ef líf einhvers annars er tryggt er sá - auk þín - ábyrgur fyrir því að hættan verði ekki aukin eftir samningsgerð.

Auki → **hinn tryggði** samt áhættuna eftir samningsgerð eruð þið, þú og hinn tryggði, skuldbundin til að tilkynna okkur skriflega tafarlaust um þessa aukna áhættu (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

## 3.4 Hvaða réttaráhrif gilda um aukna áhættu eða brot gegn tilkynningaskyldu?

### (1) Aðlögun iðgjalds vegna aukinnar áhættu

Við nýtum okkur ekki þann lagalega rétt okkar að segja samningnum upp vegna aukinnar áhættu, eða að undanskilja aukna áhættuna úr tryggingarverndinni.

Ef → **hinn tryggði** eykur áhættuna samkvæmt tölul. 3.3 getum við krafist hærra iðgjalds afturvirk frá og með þeirri stundu er aukning áhættu varð. Þetta byggir á grundvallarreglum okkar í viðskiptum. Hækkun iðgjalds kemur þó ekki til greina ef sannað er fyrir okkur að þú eigir ekki þátt í að auka áhættuna. Ef þú eða → **einn hinna tryggðu**

viðurkennir eftirá aukna áhættu samkvæmt tölul. 3.3 og okkur er ekki greint frá því, er okkur einnig heimilt að hækka iðgjöldin eins og að ofan greinir, þó svo að þú eigir ekki þátt í að auka áhættuna.

Réttur okkar til iðgjaldshækkunar fymnist ef við nýtum okkur hann ekki innan mánaðar frá þeirri stundu þegar okkur barst vitneskja um aukna áhættu.

Iðgjaldshækkun hefur engin áhrif á hæð tryggðu bótageiðslunnar. Ef við hækkuðum iðgjaldið um meira en tíu prósent má segja samningnum upp fyrirvaralaust innan eins mánaðar frá því er tilkynning okkar um iðgjaldshækkunina barst.

### (2) Lækkun bóta í tryggingartilviki

Ef okkur var,

- þegar umsóknin var lögð fram, vísitandi greint rangt frá reykingavenjum → **hins tryggða**, eða
  - eða ef áhættan samkvæmt tölul. 3.3 var aukin eftir samningsgerð,
- takmarkast tryggðar bætur við andlát hins tryggða við einn þriðja umsamins tryggðs höfuðstóls sem um var samið fyrir það tilvik. Þessi lækku bótaskyldu okkar gildir ekki ef aukin áhættan eða röngu upplýsingarnar um reykingavenjur → **hins tryggða** við samningsgerð voru þess ekki valdandi að til tryggingatilviks kom.

Komi til aukinnar áhættu munum við ekki grípa til skertra bóta ef liðin eru meira en tíu ár frá áhættuaukningu til tryggingatilviks. Ef gefnar eru rangar upplýsingar fyrir samningsgerð áskiljum við okkur skilmerkilega rétt til véfengingar vegna sviksamlegra blekkinga.

### 3.5 Hvað gildir um eftirlitsrétt okkar?

Við eigum rétt á að ganga úr skugga um hvort → **hinn tryggði**, eða, í → **félagatryggingum**, sérhver hinna tryggðu sé reyklus. Í eftirlitsskyni getum við á okkar kostnað krafist upplýsinga sem málið varða og einu sinni á ári krafist læknisrannsóknar á → **hinum tryggða**, eða, í → **félagatryggingum**, sérhverjum hinna tryggðu, hjá læknum á okkar vegum. Ef → **hinn tryggði** verður ekki við beiðnum okkar hækkum við iðgjaldið samkvæmt tölul. 3.4, 1. mgr.

## 4. Bótaþegi og millifærsla bóta

Í þessum lið er fjallað um:

- 4.1 Hver fær bæturnar og hvernig má hafa áhrif á það?
- 4.2 Hvað gildir um millifærslu bóta?

### 4.1 Hver fær bæturnar og hvernig má hafa áhrif á það?

#### (1) Viðtakandi bótagreiðslna og afturkallanlegur viðtökuréttur

Bætur samkvæmt samningnum innum við af hendi til þín sem → **tryggingartaka** okkar eða til erfingja, ef ekki er neinn annar tilgreindur sem á að eignast kröfur samkvæmt samningnum á gjalddaga (bótaþegi). Viðtökurétti bótaþega má breyta eða afturkalla hann hvenær sem er fyrir hvern gjalddaga (afturkallanlegur viðtökuréttur), hugsanlega er þá auk þess þörf á samþykki þriðja aðila. Eftir andlát → **hins tryggða** er ekki lengur hægt að breyta viðtökurétti eða afturkalla hann.

#### (2) Óafturkallanlegur viðtökuréttur

Kveða má skýrt á um að bótaþegi skuli eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum, strax og óafturkallanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsinguna í hendur er aðeins hægt að nema þennan viðtökurétt úr gildi ef bótaþegi samþykkir, hugsanlega er þá auk þess þörf á samþykki þriðja aðila.

#### (3) Afsal og veðsetning kröfuréttinda

Einnig má afsala sér eða veðsetja kröfuréttindi samkvæmt samningnum ef slík ráðstöfun er heimil lögum samkvæmt, hugsanlega er þá auk þess þörf á samþykki þriðja aðila

#### (4) Skrifleg gögn

Veiting og afturköllun viðtökuréttar (sjá 1. og 2. mgr.) sem og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt samningnum (sjá 3. mgr.) öðlast þá og því aðeins gildi gagnvart okkur, þegar sá sem hafði þennan rétt hingaðtil hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

Rétthafi hingaðtil er yfirleitt þú. Það geta líka verið aðrir ef áður voru gerðar viðeigandi bindandi ráðstafanir.

## 4.2 Hvað gildir um millifærslu bóta?

Við millifærum bæturnar til þess sem veita má þeim viðtöku, á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins ber sá sem veita má greiðslunum viðtöku áhættuna sem því tengist.

## 5. Útilokanir frá bótum og takmarkanir bóta

Í þessum lið er fjallað um:

- 5.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna?
- 5.2 Hvaða reglur gilda um sjálfsvíg hins tryggða?

### 5.1 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-, sýkla- eða efnavopna/efna eða geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna?

#### (1) Grundvallarregla

Meginreglan er að við greiðum bætur óháð því hvað veldur tryggingartilvikinu. Við greiðum bætur alveg sérstaklega ef → **hinn tryggði** lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

#### (2) Takmörkuð bótaskylda

Bótaskylda okkar fellur niður í eftirtöldum tilvikum:

a) Andlátíð er í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök.

Við greiðum þó óskertar bætur ef → **hinn tryggði** andast meðan á dvöl hans utan Þýskalands stendur í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök sem hann tók ekki virkan þátt í.

b) Andlátíð er í beinum eða óbeinum tengslum við

- vísitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra eða kemískra vopna (kjarna-, sýkla- eða efnavopna, (ABC-vopna) eða
  - vísitandi beitingu eða vísitandi losun geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna,
- ef beiting eða losun miða að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki látast fleiri en 1.000 manns beint, eða fyrirsjáanlega óbeint innan fimm ára frá atburðinum, eða muni hljóta varanlegt alvarlegt heilsutjón af. Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri bótaskyldu. Kröfur um óskertar tryggingarbætur gjaldfalla ekki fyrr en í fyrsta lagi að þeim fresti liðnum.

### 5.2 Hvað gildir um sjálfsvíg hins tryggða?

Við sjálfsvíg af ásettu ráði greiðum við óskertar bætur ef þrjú ár eru liðin frá gerð samningsins.

Við sjálfsvíg af ásettu ráði áður en þriggja ára fresturinn er liðinn greiðum við því aðeins óskertar bætur að sannað verði fyrir okkur að vígið

- hafi verið framið í sjúklega trufluðu andlegu ástandi sem útiloki frjálsar viljaákvæðanir eða
- undir álagi alvarlegra líkamlegra þjáninga.

## 6. Samstarfsskyldur

Í þessum lið er fjallað um:

- 6.1 Hvaða gögn skal leggja inn við andlát hins tryggða?
- 6.2 Hvaða gögn skal leggja inn við greiðslu bóta vegna alvarlegs sjúkdóms?
- 6.3 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?

### 6.1 Hvaða gögn skal leggja inn við andlát hins tryggða?

Það ber að tilkynna okkur tafarlaust um andlát →**hins tryggða**. Eftirfarandi gögn skal ávallt leggja inn:

- tryggingarskírteinið,
- opinbert vottorð um andlát →**hins tryggða** þar sem fram komi aldur og fæðingarstaður (dánarvottorð),
- gögn með þeim upplýsingum sem tilgreina skal samkvæmt B-hluta, tölul. 3, og
- ítarlegt vottorð læknis eða opinbert vottorð um dánarorsök og um upphaf og feril sjúkdómsins sem dró hins tryggða til dauða.

### 6.2 Hvaða gögn skal leggja inn við greiðslu bóta vegna alvarlegs sjúkdóms?

Þegar farið er fram á greiðslu bóta vegna alvarlegs sjúkdóms samkvæmt tölul. 1.2 þarf að færa okkur eftirfarandi gögn tafarlaust, á kostnað umsækjanda:

- tryggingarskírteinið,
- vottorð sérfræðilæknis í viðkomandi fagi, sem starfar í Þýskalandi, þar sem fram kemur að hjá →**hinum tryggða** sé um alvarlegan sjúkdóm að ræða, eins og lýst er í tölul. 1.2, 1. mgr. Nauðsynlegt er að tilgreina orsök, upphaf, eðli og framvindu sjúkdómsins og mat á lífslíkum.

### 6.3 Á hvaða forsendum getum við krafist frekari sannana?

Við getum krafist frekari sannana og gert ítarlegri rannsóknir, eins og til dæmis varðandi reykingahegðun og við mat á lífslíkum til að sannreyna bótaskyldu okkar. Kostnaðinn sem af þessu hlýst ber sá sem krefst tryggingagreiðslunnar.

## 7. Kostnaður vegna samningsins

Um kostnað samningsins gilda eftirfarandi reglur. Ef sérákvæði gilda um einstaka þætti er þau að finna í reglum viðkomandi þáttar.

Í þessum lið er fjallað um:

- 7.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?
- 7.2 Fyrir hvaða kostnað getum við krafist greiðslu sérstaklega?

### 7.1 Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið?

#### (1) Samningsgerðar- og sölukostnaður

Samningnum fylgir samningsgerðar- og sölukostnaður (→**kostnaður**). Þér ber að greiða hann. Við höfum reiknað samningsgerðar- og sölukostnaðinn (→**kostnaður**) inn í iðgjaldið, hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

Við notum samningsgerðar- og sölukostnað (→**kostnaður**) til dæmis til að greiða þóknun tryggingarmiðlara, kostnað við mat á umsókninni og við gerð samningsgagna.

#### a) Kostnaður og umsamin iðgjöld við samningsgerð

Við reiknum samningsgerðar- og sölukostnað samningsins (→**kostnaður**) sem prósentuhlut samtölu þeirra iðgjalda sem samið var um við samningsgerð.

Samningsgerðar- og sölukostnaði (→**kostnaður**) dreifum við

- með jöfnum upphæðum árlega,
- í að minnsta kosti fimm ár,
- en þó ekki lengur en til loka umsamins iðgjaldsgreiðslutíma.

#### b) Kostnaður þegar samtala umsaminna iðgjalda hækkar

Þegar samtala umsaminna iðgjalda hækkar fellum við mismuninn á milli gömlu og nýju samtölu iðgjalda inn í samningsgerðar- og sölukostnað (→**kostnaður**) sem hér segir:

- Ef bætur hækka á samningstímanum við greiðslu iðgjalda, til dæmis með því að hækka Tryggðan höfuðstól dreifum við samningsgerðar- og sölukostnaði við andlát (sjá tölul. 10.4) eða
- ef hækkunin gerist smám saman dreifum við samningsgerðar- og sölukostnaði (→**kostnaður**) sem prósentuhlut mismunarins á gömlu og nýju iðgjaldssamtölunni, frá því er hækkunin tók gildi eins og lýst er í 2. setningu, mgr. a).
- dreifum við samningsgerðar- og sölukostnaði (→**kostnaður**) sem prósentuhlut mismunarins á gömlu og nýju iðgjaldssamtölunni, frá því er hækkunin tók gildi eins og lýst er í 2. setn., mgr. a).

#### (2) Annar kostnaður

Samningnum fylgja frekari kostnaðarliðir, svonefndur annar kostnaður (→**kostnaður**). Þér ber einnig að greiða þann kostnað. Meðal annarra kostnaðarliða er einkum umsýslukostnaður (→**kostnaður**). Það er kostnaður (→**kostnaður**) vegna reglubundinnar umsýslu samningsins. Allur annar kostnaður (→**kostnaður**) er reiknaður inn í iðgjaldið og hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

Við leggjum annan kostnað á samninginn (→**kostnaður**) sem hér segir:

- sem árlega upphæð í evrum,
- sem prósentuhlut tryggs höfuðstóls við andlát og
- sem prósentuhlut umsaminna iðgjalda.

Þetta gildir á sama hátt ef bætur hækka á samningstímanum vegna iðgjaldagreiðslna, t.d. ef tryggður höfuðstóll við andlát hækkar (sjá tölul. 10.4).

#### (3) Hæð kostnaðar

Upplýsingar um hæð samningsgerðar- og sölukostnaðar og annars kostnaðar (→**kostnaður**) er að finna í tryggingargögnum.

### 7.2 Hvaða kostnað getum við innheimt sérstaklega?

Ef ástæður, sem þú berð ábyrgð á, við endursendingu í skuldfærslukerfum, valda okkur →**kostnaði** sem bankinn innheimtir hjá okkur, innheimtum við hann sérstaklega.

## 8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds

Í þessum lið er fjallað um:

- 8.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría?
- 8.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?
- 8.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

### 8.1 Hvernig má gera trygginguna iðgjaldsfría?

#### (1) Forsendur

Hægt er að fara skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) fram á að tryggingin haldi áfram án þess að greidd verði iðgjöld (undanþága frá greiðslu iðgjalds). Hægt er að koma á undanþágu frá greiðslu iðgjalds í lok hvers tryggingartímabils (sjá B-hluta, tölul. 2.1).

#### (2) Lágmarks tryggingabætur

Við höldum tryggingunni áfram með iðgjaldsfríum tryggðum höfuðstól sem reiknast samkvæmt 3. mgr. ef hann nemur að minnsta kosti 2.000 evrum þegar undanþágu frá greiðslu iðgjalds er komið á. Ef þessum bótum er ekki náð rennur tryggingin út.

#### (3) Áhrif

Ef farið er fram á undanþágu frá greiðslu iðgjalds þá reiknum við iðgjaldsfrían Tryggðan höfuðstól við andlát samkvæmt viðurkenndum reglum í tryggingastærðfræði út frá reikniforsendum fyrir útreikning iðgjalds. Í þeim efnum leggjum við til grundvallar reiknaðan →**bótahöfuðstól** ÁhættuLíftryggingar Plús á þeirri stundu þegar iðgjaldsundanþága hefst. Verðgildi hans er að minnsta kosti það verðgildi sem fram kemur við að dreifa samningsgerðar- og sölukostnaði (→**kostnaður**) jafnt á fyrstu fimm tryggingarárin, - að teknu tilliti til reglna um hámark Zillmerkvarðans -, en þó aldrei lengur enn á iðgjaldatímamann. Upphæðina úr tryggingunni sem er til ráðstöfunar til að mynda iðgjaldsfrían Tryggðan höfuðstól við andlát skerðum við þá um tiltekinn frádrátt.

Um árlegan frádrátt tryggingarinnar á samningstímanum má lesa í tryggingargögnunum. Þar eru ástæður frádráttar sömuleiðis tilgreindar.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef okkur eru færðar sönnur á að í þínu tilfalli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækjum hann - í síðara tilvikinu - að sama skapi.

Útreikningur iðgjaldsfrírra bóta fer fram við lok tryggingartímabilsins sem greitt var síðast fullt iðgjald fyrir.

Tölulíður 7 gildir áfram eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds. →**Kostnað** í prósentum iðgjalds, samkvæmt tölul. 7.1, mgr. 1a) og 2, reiknum við ekki af upphaflega umsömdum iðgjöldum, sem ekki þarf að greiða vegna undanþágu frá greiðslu iðgjalds, talið frá þeim tímamarki þegar iðgjaldsundanþága gekk í gildi.

### 8.2 Hverjir geta ókostir undanþágu frá greiðslu iðgjalds verið?

Það getur haft ókosti í för með sér að gera trygginguna iðgjaldsfría. Í upphafi tryggingarinnar er, - vegna þess að iðgjöldunum er ráðstafað til að greiða samningsgerðar- og sölukostnað og annan kostnað (→**kostnaður**) samkvæmt tölul. 7.1, sem og til að fjármagna umsamda áhættuvernd -, ekkert fé fyrir hendi til að mynda iðgjaldsfríar bætur. Og eins árin þar á eftir er ekkert eða aðeins óverulegt fé fyrir hendi til að mynda iðgjaldsfríar bætur.

Nánar má lesa um hæð iðgjaldsfrírra bóta á samningstímanum í tryggingargögnunum.

### 8.3 Hvernig má koma fyrri tryggingavernd á að nýju eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

#### (1) Sex mánaða frestur til að koma tryggingavernd á að nýju án áhættumats

Innan 6 mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí má fara fram á að tryggðar bætur verði hækkaðar upp í þá tryggingavernd sem gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí, án áhættumats. Forsenda þess er að greiðsla iðgjalds hefjist að nýju samkvæmt 3. mgr.

Endurupptaka iðgjaldsgreiðslu og endurheimt tryggingaverndar er útilokuð ef samið var um þættina Lífeyrir vegna óvinnufærni og →**hinn tryggði** er óvinnufær þegar iðgjaldsgreiðsla skal hefjast á ný.

#### (2) Almennur frestur til að koma tryggingavernd á að nýju með áhættumati

Einnig má, þegar sex mánuðir eru liðnir, en þó aðeins innan þriggja ára frá því að tryggingin var gerð iðgjaldsfrí, fara fram á að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslu samkvæmt 3. mgr. verði umsamin Tryggður höfuðstóll við andlát hækkaður upp í þá tryggingavernd sem gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Við getum komið fyrri tryggingavernd á að nýju ef →**hinn tryggði** eða, í →**félagatryggingum**, sérhver hinna tryggðu, þegar tryggingaverndin er endurheimt, gæti samið við okkur um nýja sambærilega tryggingu án örðugri skilmála.

#### (3) Möguleikar við endurheimt tryggingaverndar

Til að koma á að nýju þeirri tryggingavernd sem gilti áður en undanþága frá greiðslu iðgjalds gekk í gildi má

- greiða iðgjöldin fyrir tímabilið sem var iðgjaldsfrítt, eða
- greiða hærri reglubundin iðgjöld.

Þess í stað má einnig koma tryggingaverndinni á að nýju, án þess að koma allri tryggingaverndinni á að nýju eins og hún var fyrir undanþágu frá greiðslu iðgjalds, ef aðeins iðgjaldsgreiðslan hefst á ný. Tryggðan höfuðstól reiknum við samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði.

Við reiknum nýju iðgjöldin og nýju tryggðu bæturnar samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt tölul. 1.3, 1. mgr. Við upplýsum um áhrifin ef óskað er.

## 9. Uppsögn

### Hvenær má segja tryggingunni upp?

Hægt er hvenær sem er, í lok liðandi mánaðar, að segja tryggingunni upp skriflega (t.d. í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

Hvorki eru fyrir hendi réttir til endurkaupvirðis né endurgreiðslu greiddra iðgjalds.

## 10. Möguleikar við samningsgerð

Hér er að finna fjölmarga samningsmöguleika tryggingarinnar. Þeir eru bundnir vissum skilyrðum. Ef tiltekinn samningsmöguleiki er valinn getur það haft áhrif á hæð tryggingarbóta.

Í þessum lið er fjallað um:

- 10.1 Hvenær má framlengja tryggingarvernd án nýs áhættumats?
- 10.2 Hvenær má breyta tryggingunni í þáttinn Elli- og eftirlífendalífeyrir?
- 10.3 Hvenær má breyta tryggingu með einfölduðu áhættumati í félagatryggingu?
- 10.4 Hvenær má hækka Tryggðan höfuðstól við andlát án áhættumats?
- 10.5 Hvenær má fresta greiðslu iðgjalda í atvinnuleysi eða foreldraorlofi?
- 10.6 Hvenær má skipta yfir í gjaldskrá fyrir reyklausa?

### 10.1 Hvenær má framlengja tryggingarverndina án nýs áhættumats?

Sækja má einu sinni um framlengingu á tryggingarvernd án nýs áhættumats allt að 3 árum áður en tryggingin rennur út.

#### (1) Forsendur

Tryggingin má ekki vera orðin iðgjaldsfrí.

#### (2) Frekari forsendur

- Framlengja má tryggingartímann um 15 ár að hámarki, en þó í mesta lagi um upphaflega umsaminn tryggingartíma.
- Hámark tryggingartíma (að framlengingu meðtalinni) má ekki nema meira en 45 árum.
- Lok viðbótartryggingartíma skal vera innan þess almanaksárs þegar →hinn tryggði verður fullra 70 ára. Í →félagatryggingum er heimilaður hámarksaldur þess elsta hinna tryggðu ráðandi um hæsta leyfilega lokaaldur.

#### (3) Mörk

Frá og með næsta gjalddaga iðgjalds eftir framlengingu gilda svofelld mörk:

- Ekki má fara upp fyrir umsaminn Tryggðan höfuðstól eins og hann var fyrir framlengingu.
- Samtala alls tryggðs höfuðstóls úr öllum líftryggingarsamningum sama →tryggða einstaklings hjá Allianz Lebensversicherungs-AG á viðbótartryggingartímanum má ekki vera hærri en 500.000 evrur; hugsanlega verður því umsaminn tryggður höfuðstóll tryggingarinnar fyrir framlengingu lækkaður á viðbótartryggingartímanum.

#### (4) Áhrif

Ef samið var um þáttinn Höfuðstóll við andlát af slysförum framlengist sú tryggingarvernd einnig.

Ef samið var um þáttinn Iðgjaldsundanþága við örorku framlengist tryggingarvernd hans því aðeins að engar kröfur um bætur séu fyrir hendi úr þeim þætti þegar sótt er um framlengingu. Tryggingarvernd þessa þáttar framlengist aðeins upp að því marki þegar →hinn tryggði nær →reiknuðum 67 ára aldri. Að svo miklu leyti sem kröfur um bætur úr þættinum Iðgjaldsundanþága við örorku eru fyrir hendi, þegar sótt er um framlengingu, framlengist tryggingarvernd þessa þáttar ekki.

Ef samið var um þáttinn Örorkulífeyrir, framlengist tryggingarvernd hans ekki.

Ef sótt var um framlengingu tryggingarverndar reiknast iðgjöldin fyrir þann iðgjaldatíma sem eftir er (að framlengingartíma meðtöldum) á ný, við næsta gjalddaga iðgjalds, og þau geta hækkað.

Þá er tekið mið af stöðu samningsins þegar tryggingarvernd er framlengd og þá einkum:

- →reiknuðum aldri →hins tryggða eða, í →félagatryggingum, allra þeirra sem tryggðir eru,
- því sem eftir er af tryggingartímanum (að framlengingartíma meðtöldum),
- því sem eftir er af iðgjaldatímanum (að framlengingartíma meðtöldum),
- hugsanlega umsamið iðgjaldsálag sem og
- hugsanlega lækkuðum umsömdum tryggðum höfuðstól.

Við reiknum nýja iðgjaldið samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Við upplýsum um endanleg áhrif ef óskað er.

### 10.2 Hvenær má breyta tryggingunni í þáttinn Elli- og eftirlífendalífeyrir?

Breyta má Áhættulíftryggingu Plús í sambland þáttarinnar Ellilífeyrir (framtiðarlífeyrir eða framtiðarhöfuðstóll) og þáttarinnar Eftirlífendalífeyrir (Höfuðstóll við andlát). Við framkvæmum ekki áhættumat.

Velja má nýtt tryggingar- og iðgjaldsgreiðslutímabil fyrir nýju þættina.

#### (1) Forsendur

- Við gerð Áhættulíftryggingar Plús var samið um fastan Tryggðan höfuðstól við andlát út allan tryggingartímann.
- →Hinn tryggði eða, í →félagatryggingum, sérhver hinna tryggðu, er enn ekki orðinn fullra 60 ára að aldri þegar sótt er um breytinguna.
- Sækja verður um breytinguna í síðasta lagi í lok tíunda tryggingarársins. Hafi samist um í mesta lagi tíu ára tryggingartíma má umbreyta tryggingunni þar til allt að þremur mánuðum fyrir lok tryggingartímans.
- Tryggður höfuðstóll úr nýja þættinum Höfuðstóll við andlát er, á öllum nýja tryggingartímanum, ekki hærri en upphaflegi Tryggður höfuðstóll við andlát.

#### (2) Sérákvæði þáttanna Lífeyrir vegna óvinnufærni

- Þáttunum Lífeyrir vegna óvinnufærni er því aðeins hægt að halda áfram án nýs áhættumats vegna umbreyttu tryggingarinnar, að tryggingar- og iðgjaldatími eftir umbreytingu haldist óbreyttur.
- →Hinn tryggði má ekki vera óvinnufær þegar umbreytingin er gerð. Ef →hinn tryggði er óvinnufær þegar umbreytingin er gerð, kemur ekki til breytingar.
- Breytist tryggingar- og iðgjaldatími eftir umbreytingu er aðeins hægt að halda þáttunum Lífeyrir vegna óvinnufærni áfram ef niðurstaða úr nýju áhættumati heimilar slíkt.

#### (3) Sérákvæði í félagatryggingum

Hægt er að umbreyta tryggingu fyrir tvo féлага (→félagatryggingar) án nýs áhættumats í tvær samsetningar bótabátta fyrir líftryggingu hvors →tryggðs aðila um sig.

Forsenda fyrir því er, að heildarupphæð nýju tryggðu Höfuðstóla við andlát verði ekki hærri en upphaflegur Höfuðstóll við andlát. Tryggingum fyrir fleiri en tvo féлага er ekki hægt að umbreyta.



#### (4) Áhrif

Við reiknum iðgjöldin fyrir nýju trygginguna samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Þá gilda þær reikniforsendur sem gert er ráð fyrir vegna nýrra samninga um þættina Ellilífeyrir (framtiðarlífeyrir eða framtiðarhöfuðstóll) í tengslum við þáttinn Eftirlífendalífeyrir (Höfuðstóll við andlát) á þeim tíma þegar breytingin á sér stað. Við upplýsum um einstök áhrif ef óskað er.

### 10.3 Hvenær má breyta tryggingu með einfölduðu áhættumati í félagatryggingu?

Hægt er að fara fram á að við breytum Áhættulíftryggingu Plús með einfölduðu áhættumati í tryggingu fyrir tvo félaga (→**félagatryggingu**) og bætum við öðrum →**tryggðum** inn í samninginn.

#### (1) Forsendur

- →**Hinn tryggði** og sá tryggði sem bæta skal við í samninginn ganga í hjónaband, eða, fæðing sameiginlegs barns →**hins tryggða** og þess tryggða sem bæta skal við í samninginn, eða, hinn tryggði og sá tryggði sem bæta skal við í samninginn ættleiða í sameiningu ófullveðja einstakling.

#### (2) Frekari forsendur

- →**Hinn tryggði**, sem bæta skal við í samninginn, er ekki kominn yfir 45 ára →**reiknaðan aldur**.
- Fara skal fram á breytinguna innan sex mánaða frá því að eitthvert atvik sem um getur í 1. málsgrein átti sér stað.

#### (3) Mörk

Frá þeim tímapunkti þegar breytt var yfir í→**félagatryggingu** má umsaminn tryggður höfuðstóll nema 200.000 evrum hið mesta.

Ef umsaminn tryggður höfuðstóll var hærri en 200.000 evrur fyrir breytingu verður umsaminn Tryggður höfuðstóll lækkaður niður í 200.000 evrur.

#### (4) Áhrif

Við reiknum nýja iðgjaldið samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.3. Við upplýsum um áhrifin ef óskað er.

### 10.4 Hvenær má hækka Tryggðan höfuðstól við andlát án áhættumats?

Hækka má umsaminn tryggðan höfuðstól við andlát án áhættumats.

#### (1) Forsendur

- Fæðing barns →**hins tryggða** eða hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling;
- hinn tryggði hefur sjálfstæðan atvinnurekstur, svo framarlega sem sjálfstæði atvinnureksturinn krefst aðildar að fagfélagi eða ráði;
- hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar í atvinnulífínu;
- hinn tryggði tekur lán til kaupa á fasteign að upphæð að minnsta kosti 100.000 evrur;
- hinn tryggði gengur í hjónaband.

#### (2) Frekari forsendur

- Fara skal fram á hækkinguna innan tólf mánaða frá því að eitthvert áðurgreindra atvika átti sér stað.
- →**Hinn tryggði** eða, í →**félagatryggingum**, sérhver hinna tryggðu, er ekki kominn yfir 53 ára →**reiknaðan aldur**.
- →**Hinn tryggði** er ekki, eða, í →**félagatryggingum enginn hinna tryggðu er, óvinnufær**.

Ef þessar forsendur eru ekki uppfylltar kemur ekki til hækkunar.

#### (3) Mörk

Um hækkingu tryggis höfuðstóls án nýs áhættumats gilda eftirfarandi mörk:

- Tryggður höfuðstóll verður að hækkingu um að minnsta kosti 2.500 evrur.
- Tryggður höfuðstóll má í mesta lagi hækka um 25.000 evrur.
- Samtala margra hækkinga á Tryggðum höfuðstól við andlát, úr öllum gildum líftryggingarsamningum hjá Allianz Lebensversicherungs-AG, varðandi líf sama →tryggða einstaklings, má í hæsta lagi nema 50.000 evrum.

#### (4) Áhrif

- Hækking Tryggðs höfuðstóls við andlát og iðgjaldsins reiknum við samkvæmt samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.3.
- Ef samið var um þáttinn Lífeyrir vegna óvinnufærni eða Höfuðstóll við andlát af slýsförum verða þeir ekki hækkaðir.

Við upplýsum um einstök áhrif ef óskað er.

### 10.5 Hvenær má fresta greiðslu iðgjalda í atvinnuleysi eða foreldraorlofi?

#### (1) Tímabundin undanþága frá greiðslu iðgjalds

Í atvinnuleysi eða foreldraorlofi má gera tryggingu iðgjaldsfría tímabundið í allt að 12 mánuði samkvæmt reglum tölul. 8.1 og 8.2 Tilkynnið okkur vinsamlegast um ástæðu og æskilega lengd undanþágu frá greiðslu iðgjalds.

Að lokinni tímabundinni undanþágu frá greiðslu iðgjalds, við lok atvinnuleysis, eða þegar foreldraorlofi lýkur, heldur tryggingin áfram iðgjaldsskyld, án áhættumats. Um endurheimt upphaflegrar tryggingarverndar tryggingarinnar gilda reglur mgr. 1 og 3, tölul. 8.3 Þrátt fyrir 1. mgr., tölul. 8.3 má hækka tryggðar bætur tryggingarinnar upp í allt að hæð tryggingarverndar fyrir undanþágu frá greiðslu iðgjalda, innan 12 mánaða frá iðgjaldsundanþágu.

#### (2) Sönnun fyrir atvinnuleysi eða foreldraorlofi

Ef farið er fram á tímabundna undanþágu frá greiðslu iðgjalda vegna atvinnuleysis eða foreldraorlofs þarf að sanna það með viðeigandi vottorði, til dæmis tilkynningu frá viðkomandi vinnuálastofu. Tilkynna skal okkur tafarlaust þegar atvinnuleysi lýkur eða þegar foreldraorlofi lýkur.

### 10.6 Hvenær má skipta yfir í gjaldskrá reyklausa?

Ef ekki var samið um gjaldskrá reyklausa og

- ef þú reyktir ekki sjálf(ur) síðustu 12 mánuði fyrir umsókn um gjaldskrá reyklausa í skilningi tölul. 3.1, setn. 2 og 3 og
- hefur auk þess í hyggju að reykja ekki framvegis, má sækja um að skipta yfir í gjaldskrá reyklausa. Umsaminn Tryggður höfuðstóll breytist ekki. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt tölul. 3. Þá framkvæmum við áhættumat.

Við reiknum iðgjöldin fyrir nýju trygginguna samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Í þeim efnum gilda þær reikniforsendur sem lagðar voru til grundvallar við gerð samningsins um Áhættulíftryggingu Plús. Við upplýsum um einstök áhrif ef óskað er.

## 11. Breytingar á ÁhættuLíftryggingu Plús E307

Í sumum samningum (til dæmis í samningum með sérstöku samkomulagi um ráðstöfun hagnaðarhluta) breytast ákveðnar reglur þáttarins með einstökum reglum eða nýjar koma í þeirra stað.

Hvaða breytingar gilda um trygginguna hverju sinni má lesa í tryggingarskírteini eða tryggingargögnum.

### Breyting Ris1: Hvað gildir um ráðstöfun hagnaðar „Bónus“?

Í stað 3. mgr., tölul. 2.2, , kemur:

#### „(3) Hlutdeild í hagnaði

Allt eftir því hvaða hagnaðar- eða undirflokki tryggingin tilheyrir veitum við ÁhættuLíftryggingu Plús hlutdeild í áunnum hagnaði (regluglegir hagnaðarhlutir).

#### a) Reglubundnir hagnaðarhlutir fundnir og þeim úthlutað

Hæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Þá leggjum við til grundvallar skilgreinda →**prósentuhluti** hagnaðar hverju sinni (sjá mgr. 2, tölul. 2.2) og viðkomandi →**reiknistuðul**.

Skilgreinda →**prósentuhluti í hagnaði** leggjum við árlega, í upphafi hvers tryggingarárs, til grundvallar, og gilda þeir allt tryggingarárið.

→**Reiknistuðull** er Tryggður höfuðstóll við andlát.

#### b) Ráðstöfun reglubundinna hagnaðarhluta

Tryggingin fær í byrjun hvers tryggingarárs hagnaðarhluta í mynd aukalegrar, iðgjaldsfrírrar ÁhættuLíftryggingu Plús (bónus), sem lýkur við lok viðkomandi tryggingarárs eða við samningslok. Bónusinn er skilgreindur sem prósentur af tryggða höfuðstólnum eins og hann er þegar bónusinn gjaldfellur.

#### c) Afleiðingar af breytingum á prósentuhlutum í hagnaði

Hagnaðarhlutar, sem ætlaðir eru til kaupa á aukalegri ÁhættuLíftryggingu (Bónus), geta eitt tryggingarárið verið lægri en árið þar á undan, vegna árlegrar ákvörðunar stjórnar félagsins. Í því tilviki má hækka umsamin Tryggðan höfuðstól svo mikið, iðgjaldsskylt og án nýrrar áhættukönnunar, að hann nái, að bónusnum meðtöldum, sömu heildarupphæð og náðist samanlagt úr Tryggðum höfuðstól og bónusi árið áður. Ef til slíks kemur látum við vita í tæka tíð. Þá gildir 6 vikna frestur til að taka ákvörðun um hækkinguna.

Í slíku tilfalli hækka iðgjöld ekki í sama hlutfalli og bæt看 úr tryggingunni.

Hækkuðu iðgjöldin og bæt看 eru reiknuð út frá samningsgildum á hækkingardegi, einkum út frá

- →**reiknuðum aldri** →**hins tryggða** eða, í →**félagatryggingum, allra þeirra sem tryggðir eru,**
- því sem eftir er af tryggingartíma,
- iðgjaldatíma,
- iðgjaldsálagi sem hugsanlega var samið um.

Við reiknum hækkanir iðgjalds- og bóta samkvæmt grunnreglum í tryggingastærðfræði. Í þeim efnum gilda reglur samkvæmt 2. mgr. tölul. 1.3.“

Í stað tölul. 10.1, 3. mgr., kemur:

#### „(3) Mörk

Frá og með næsta gjalddaga iðgjalds eftir framlengingu gilda svofelld mörk:

- Ekki má fara upp fyrir umsamin Tryggðan höfuðstól, eins og hann var fyrir framlengingu, að viðbættum Bónusi.
- Samtala alls umsaminns Tryggðs höfuðstóls, að viðbættum Bónusi, úr öllum líftryggingarsamningum →**hins tryggða** hjá Allianz Lebensversicherungs-AG, á viðbótartryggingartímanum, má í hæsta lagi nema 500.000 evrum; hugsanlega verður því umsamin Tryggður höfuðstóll tryggingarinnar, fyrir framlengingu, að viðbættum Bónusi, lækkaður á viðbótartryggingartímanum. "

### Breyting Ris2: Hvað gildir um tryggingar innan hópsamninga?

Orðin „trygging“ og „samningur“ eiga við einstaka (hluta-)tryggingu en ekki við hópsamninginn. Þetta á einkum við um tryggingabætur og fresti.

Ekki er þörf á að leggja fram tryggingarskírteini samkvæmt tölul. 6.1.

Tölul. 6.1, síðasti liður, gildir aðeins um tryggingar sem samið er um með áhættukönnun. Í tryggingum sem samið er um án áhættukönnunar breytist tölul. 6.1, síðasti liður sem hér segir:

- „sönnun á dánarorsök.“

Umbreytingarrétt samkvæmt tölul. 10.2 er aðeins hægt að nýta ef umbreytingin er gerð varðandi allar áhættutryggingar hópsamningsins, eða áhættutryggingar hóps einstaklinga innan hópsamningsins, sem skilgreindur er eftir hlutlægum einkennum.

### Breyting Ris3: Hvað gildir um ÁhættuLíftryggingu Plús með vaxandi viðbót?

#### (1) Hækkun iðgjalds

Iðgjald tryggingar hækkar árlega um 3% prósent af iðgjaldi fyrra árs.

Iðgjöld hækka hverju sinni þegar heil ár eru liðin frá upphafi tryggingar.

#### (2) Hækkun bóta og gildandi reikniforsendur

##### a) Grunnregla bótahækkunar

Iðgjaldshækkun veldur hækkingu tryggingarbóta án nýrrar áhættukönnunar. Bætur úr inniföldu þáttunum Lífeyrir vegna óvinnufærni og Höfuðstóll við andlát af slysförum hækka í sama hlutfalli og bæt看 Grunnþáttarins. Þá gildir eftirfarandi undantekning: Ef samið var um árlegan Lífeyri vegna óvinnufærni sem er hærri en 4,5 prósent Tryggðs höfuðstóls, hækkar árlegur Lífeyrir vegna óvinnufærni aðeins um 4,5 prósent hækkingarupphæðar Tryggðs höfuðstóls.

Bæturnar hækka ekki í sama hlutfalli og iðgjöldin.

Hækkaðar bætur eru reiknaðar út frá samningsgildum á hækkingardegi, einkum út frá

- →**reiknuðum aldri** →**hins tryggða** eða, í →**félagatryggingum, allra þeirra sem tryggðir eru,**
- því sem eftir er af tryggingartíma,
- iðgjaldatíma,
- iðgjaldsálagi sem hugsanlega var samið um.

Hér gilda reglur samkvæmt tölul. 1.3, 2. mgr.

#### **b) Dagsetning hækkunar bóta**

Bætur hækka hverju sinni þegar heil ár eru liðin frá upphafi tryggingar.

#### **c) Upphaf tryggingarverndar**

Tryggingarvernd eftir hverja hækkun hefst þegar hækkun á sér stað.

#### **(3) Upplýsingar um hækkunir**

Tímanlega, áður en hækkun á sér stað, tilkynnum við um hæð iðgjalds og bóta eftir hækkun.

Eftir hækkun er ekki lengur hægt að lesa iðgjaldsfríar tryggingarbætur í töflunni sem fylgir tryggingarskírteini.

#### **(4) Síðasta tækifæri til hækkunar**

Hækka má, til loka iðgjaldstíma, þó ekki lengur en þar til →**hinn tryggði** hefur náð →**reiknuðum aldri**. Síðasta hækkun er í síðasta lagi möguleg þremur árum fyrir lok tryggingartímans.

#### **(5) Hækkunir felldar niður afturvirk**

Hækkunir falla niður, afturvirk, ef þeim er mótmælt fyrir lok fyrsta mánaðar eftir hækkunardag, eða fyrsta hækkaða iðgjald er ekki greitt innan tveggja mánaða frá hækkunardegi.

#### **(6) Væntanlegum hækkunum frestað**

Fresta má hækkunum að vild, án þess að tilgreina ástæður. Hækkunir sem ekki voru nýttar er aðeins hægt að endurheimta með samþykki okkar.

Ef farið er fram á tímabundna undanþágu frá greiðslu iðgjalda, koma engar hækkunir til framkvæmda á þeim tíma.

#### **(7) Hækkunum frestað vegna bóatilviks**

**(8)** Ef samið var um þættina Lífeyrir vegna óvinnufærni koma engar hækkunir til framkvæmda á meðan iðgjaldsgreiðsluskylda fellur niður, að fullu eða að hluta til, vegna óvinnufærni. Hækkunir sem framkvæma þarf, eftir upphaf þess tíma þegar greiða þarf bætur úr þáttunum Lífeyrir vegna óvinnufærni, en komu til framkvæmda áður en fallist var á óvinnufærni, verða bækfærðar.

#### **(9) Frekari ákvæði**

##### **a) Umsamin atriði innan ramma samningsins**

Öll atriði sem samið er um innan ramma samningsins, einnig ákvörðun um viðtökurétt eiga sömuleiðis við um hækkun bóta.

##### **b) Sjálfsvíg hins tryggða**

Hækkun tryggingarbóta samkvæmt áætlun markar ekki nýtt upphaf þess frests sem tilgreindur er í tölul. 5.2 varðandi sjálfsvíg.

## B hluti - Skyldur sem gilda um alla þætti

Hér má finna mikilvægar skyldur og skuldbindingar sem gilda um fleiri en einn þátt. Frekari skyldur og skuldbindingar er að finna í A-hluta. Reglur B-hluta gilda um allan samninginn, svo framarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

### 1. Upplýsingaskylda fyrir samningsgerð

#### Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð?

##### (1) Tilkynningaskylda

###### a) Viðfangsefni tilkynningaskyldu

Fram að framlagningu samningsyfirlýsingar er skylt að tilkynna um allar aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu, sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust, og sem við spurðum um skriflega. Aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu eru aðstæður sem hafa veruleg áhrif á ákvörðun okkar um það hvort við gerum þennan samning eða með því innihaldi sem um er samið.

Tilkynningaskyldan gildir einnig um þær spurningar varðandi aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu, sem við spyrjum um á textaformi eftir samningsyfirlýsingu, en fyrir skriflega samþykkt samnings.

###### b) Tilkynningaskylda hins tryggða

Ef tryggja á annan einstakling en þig er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir sönnum og undandrátarlausum svörum við spurningunum á textaformi.

###### c) Ætluð vitneskja þriðju aðila

Ef einhver annar svarar fyrir þína hönd spurningunum um aðstæður sem hafa veruleg áhrif á áhættu, gefum við okkur að þér sé kunnugt um vitneskju og sviksamlegan ásetning þessa aðila.

##### (2) Óæskileg réttaráhrif þess að brjóta gegn tilkynningaskyldu

###### a) Réttur okkar þegar brotið er gegn tilkynningaskyldu

Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í 19. til 22. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG). Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við

- rift samningnum,
- verið laus undan bótaskyldu,
- sagt samningnum upp,
- breytt samningnum eða
- véfengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar.

Réttur okkar til riftunar, uppsagnar eða breytinga gildir aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu á textaformi.

Við afsöllum okkur þeim rétti sem við eigum tilkall til samkvæmt 19. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG) og að mega breyta samningi og segja honum upp, ef brot gegn tilkynningaskyldu er ekki af þínum völdum.

###### b) Endurkaupvirði og frádráttur við riftun eða véfengingu

Ef við riftum samningnum eða véfengjum samninginn vegna sviksamlegra blekkinga greiðum við endurkaupvirðið, sem yrði einnig greitt við riftun af þinni hálfu. Af þessari upphæð reiknum við frádrátt. Í tryggingargögnum er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttarins sömuleiðis útskýrðar. Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef okkur eru færðar sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækkum hann - í síðara tilvikinu - að sama skapi.

###### c) Frestur til að beita rétti okkar

Réttur okkar til að rifta, segja upp og breyta samningi fellur niður ef liðin eru meira en 5 ár frá samningsgerð. Þetta á ekki við ef við fáum vitneskju um brot gegn tilkynningaskyldu í gegnum bótamál sem upp kom fyrir lok þessa frests.

Frestur samkvæmt 1. setn. nemur tíu árum, ef brotið var gegn tilkynningaskyldu af ásettu ráði eða sviksamlega.

Réttur okkar til véfengingar vegna sviksamlegrar blekkingar fellur niður ef liðin eru tíu ár frá því að samningsyfirlýsing var afhent.

##### (3) Réttur þinn til uppsagnar við breytingu á samningi

Ef við hækkum iðgjaldið um meira en 10 prósent við breytingu á samningi, eða útilokum tryggingarvernd við áhættuáðstæður sem okkur var ekki tilkynnt um, má segja samningnum upp samkvæmt 6. mgr. 19. gr. laga um váttryggingarsamninga (VVG).

##### (4) Tryggingarvernd aukin eða endurheimt

Málsgr. 1 til 3 gilda að sama skapi ef tryggingarvernd er aukin eða endurheimt eftir á þannig að nýtt áhættumat sé nauðsynlegt.

##### (5) Skriflega gagna krafist

Krafist er skriflega gagna þegar beita á rétti til riftunar, uppsagnar, véfengingar eða breytingar á samningi. Símbréf eða tölvupóstur uppfylla ekki kröfu um skrifleg gögn.

##### (6) Umboð til móttöku

Hafi enginn annar verið tilgreindur sem umboðsmaður telst bótaþegi hafa umboð til þess, að þér látnum/látinni, að taka við yfirlýsingu frá okkur.

Ef enginn bótaþegi er fyrir hendi eða ekki reynist unnt að hafa uppi á aðsetri hans getum við litið svo á að eigandi tryggingarskráteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

### 2. Skyldur sem snerta greiðslu iðgjalds

Í þessum lið er fjallað um:

#### 2.1 Hvers þarf að gæta við greiðslu iðgjalds?

#### 2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

#### 2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

#### 2.1 Hvers þarf að gæta við greiðslu iðgjalds?

##### (1) Greiðslutímabil

Iðgjald af tryggingunni skal greiða

- í einu lagi eða
- með reglubundnum iðgjöldum fyrir hvert umsamið greiðslutímabil. Í því tilviki og eftir því hvernig um samdist er greiðslutímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hált ár eða eitt ár. Þetta er tilgreint í tryggingarskráteininu. Iðgjöldin eru reiknuð út miðað við umsamið greiðslutímabil. Tryggingartímabil (12. gr. laga um váttryggingarsamninga - VVG) samsvarar þannig umsömu greiðslutímabili.

##### (2) Gjaldldagi iðgjalda

###### a) Fyrsta eða einstakt iðgjald

Fyrsta eða einstakt iðgjald skal greiða tafarlaust eftir gerð samningsins. Ef samið var um það okkar í millum að

tryggingavernd skuli ekki hefjast fyrr en síðar, gjaldfellur iðgjaldið ekki fyrr en að því kemur.

#### b) Framhaldsiðgjöld

Framhaldsiðgjöld gjaldfalla fyrsta hvers mánaðar í hverju umsömdu greiðslutímabili, hafi ekki verið um annað samið.

#### (3) Greitt á tilskildum tíma

Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjalddaga til þess að iðgjaldið berist okkur.

Ef samið var um að iðgjald skyldi greitt með skuldfærslu (sjá 5. mgr.) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef

- við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og
- og eigandi reiknings mótmælir ekki réttmætri innheimtu.

Ef ekki reyndist unnt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum hvatt þig skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) til að greiða iðgjaldið.

#### (4) Áhætta við millifærslu

Sending iðgjalds fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnaður.

#### (5) Greitt með skuldfærslubeiðni

##### a) SEPA-skuldfærsluheimild

Ef skuldfæra skal iðgjald af reikningi (skuldfærslukerfi) verður að veita okkur til þess SEPA-skuldfærsluheimild.

##### b) Mánaðarleg iðgjöld

Mánaðarleg iðgjöld skal greiða í skuldfærslukerfi.

**c) Afleiðingar misheppnaðrar skuldfærslu** Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því,

- getum við framvegis farið fram á að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfisins;
- er okkur heimilt að breyta mánaðarlegu greiðslutímabili í ársfjórðungslegt greiðslutímabil.

Að öðru leyti gilda reglur um vanskil (sjá tölul. 2.2 og 2.3).

## 2.2 Hvað gildir ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

#### (1) Tryggingarvernd stefnt í hættu

Upphaf tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma (sjá C-hluta, tölul. 1). Ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma í skilningi tölul. 2.1, mgr. 2a) hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma þegar iðgjaldið er greitt. Okkur er ekki skylt að greiða fyrir tryggingartilvik sem koma upp í millitíðinni, nema hægt sé að sýna okkur fram á að greiðslufallið var ekki þér að kenna.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki bætur ef við höfum ekki með sérstakri tilkynningu í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) eða skýrri ábendingu í tryggingarskírteininu bent á réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið.

#### (2) Riftunarréttur okkar

Ef fyrsta eða einstakt iðgjald er ekki greitt á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarrétturinn er útilokaður ef sannað er að þú berir ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

## 2.3 Hvað gildir ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma?

#### (1) Vanskil

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á tilskildum tíma í skilningi tölul. 2.1, mgr. 2b) er það komið í vanskil án frekari greiðsluáskorana. Þá eigum við rétt á að krefjast endurgreiðslu þess tjóns sem af vanskilunum hlaut.

Þú lendir ekki í vanskilum ef þú berð ekki ábyrgð á greiðslufallinu.

#### (2) Frestir

Ef framhaldsiðgjald er ekki greitt á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti) á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að vera að minnsta kosti tvær vikur.

#### (3) Tryggingarvernd fellur niður eða skerðist ef frestur líður án árangurs

Í tryggingartilvikum sem upp koma eftir að veittur gjaldfrestur er liðinn fellur tryggingavernd niður eða skerðist, ef

- greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar tryggingartilvik kemur upp og
- við höfum bent þér á þessi réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

#### (4) Réttur okkar til uppsagnar ef frestur líður án árangurs

Ef greiðsla iðgjalds, vaxta eða kostnaðar er enn í vanskilum þegar veittur gjaldfrestur er á enda, getum við sagt samningnum upp án uppsagnarfrests. Forsenda þess er að við höfum bent á þau réttaráhrif um leið og fresturinn var veittur.

Við getum lýst yfir uppsögn um leið og frestur er veittur. Ef greiðslan er enn í vanskilum þegar fresturinn er liðinn tekur uppsögn sjálfkrafa gildi. Við bendum skilmerkilega á þetta við uppsögn.

#### (5) Samningur heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um greiðist eftir á

Uppsögn okkar er ógild og samningurinn heldur áfram ef upphæðin sem greiðsluáskorunin snerist um er greidd innan eins mánaðar. Þessi eins mánaðar frestur hefst um leið og uppsögnin eða, ef uppsögn tók gildi um leið og fresturinn, þegar greiðslufrestur rennur út.

Fyrir tryggingarmál sem koma upp, milli þess að gjaldfrestur er liðinn og eftirágreiðsla er innt af hendi, fellur tryggingarverndin niður eða skerðist.

## 3. Aðrar samstarfsskyldur

### Hverjar eru aðrar samstarfsskyldur?

#### (1) Skylda til að láta í té nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn

Ef lagareglur skylda okkur til að afla upplýsinga og gagna um trygginguna og tilkynna um þau, verður að láta okkur í té tafarlaust - sem merkir án saknæmrar tafar - nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn, við samningsgerð eða þegar eftir því verður leitað. Þetta á einnig við ef breytingar verða síðarmeir á þeim upplýsingum, gögnum og fylgigögnum sem okkur eru látin í té við samningsgerð eða þegar eftir því er leitað.

Ef þriðji aðili á réttindi byggð á samningnum og ef staða hans varðandi gagnaöflun og tilkynningar er einnig afgerandi, á samstarfsskylda þín sömuleiðis við um slíkt.

## (2) Nauðsynlegar upplýsingar

Nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 1. mgr. eru öll málsatvik sem geta verið afgerandi við mat á persónulegu skattalegu lögheimili þínu, skattalegu lögheimili þriðju aðila sem eiga kröfu á grundvelli samningsins sem og skattalegu lögheimili bótaþega. Þar veða þyngst þýsk og erlend skattaleg lögheimili, auðkennisnúmer gagnvart skatti, fæðingarstaður og heimilisfang, skattalegt auðkennisnúmer, fæðingardagur, fæðingarstaður og lögheimili.

## (3) Samstarf vegna lögboðinnar tilkynningaskyldu vanrækt

Ef við, sem tryggjandi, lútum lögboðinni tilkynningaskyldu, þurfum við að tilkynna nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 2. mgr. til innlendra og erlendra skattýfirvalda. Ef þú lætur okkur nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn ekki í té, eða ekki á tilskýldum tíma, verður þú að gera ráð fyrir að við tilkynnum innlendum og erlendum skattýfirvöldum um samningsgögn þín, óháð því hvort skattalegt lögheimili erlendis sé fyrir hendi eða ekki.

Ef þú rækir ekki samstarfsskyldur þínar samkvæmt 1. og 2. mgr. er okkur heimilt að halda eftir bótagreiðslum. Þetta á við þar til okkur hafa verið veittar þær upplýsingar sem við þörfumst til að geta staðið við lagaskyldur okkar.

## 4. Breytingar á B-hluta

Í sumum samningum um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja eða innan ramma hópsamninga breytast ákveðnar reglur þátta þinna með nokkrum eftirfarandi reglum, verða ítarlegri fyrir þeirra tilstilli eða nýjar koma í þeirra stað. Hvaða breytingar gilda um trygginguna hverju sinni má lesa í tryggingarskírteininu eða tryggingargögnum.

### Breyting B1: Hvað gildir um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja?

Einnig þegar iðgjald er greitt mánaðarlega er hægt að semja um að iðgjaldsgreiðslan fari ekki fram með skuldfærslu. Þá falla niður setn. 2 og 3, 3. mgr., tölul. 2.1, sem og 5. mgr.

### Breyting B2: Hvað gildir um hópsamninga?

Í hópsamningum ganga í gildi réttaráhrif við greiðsluvanskil hópsamnings, sem nefnd eru í tölul. 2.2 og 2.3, jafnvel þótt aðeins sé um hlutavanskil að ræða.

### Breyting B3: Hvað gildir um tryggingar innan ramma réttindajöfnunar félagsins?

Töluliður 2 fellur niður.

## C-hluti - Almennar reglur

Reglur C-hluta gilda um allan samninginn, svo framfarlega sem gildissvið þeirra er ekki skilmerkilega takmarkað.

### Hvenær hefst tryggingarverndin?

#### (1) Grundvallarregla

Tryggingarverndin hefst með lokum samningsgerðar en þó ekki fyrir þann tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu.

Tryggingarverndin hefst því aðeins á tilgreindum tíma að greitt sé fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi tölul. 2.1, 2. mgr. a) í B-hluta. Ef iðgjaldið er ekki greitt á réttum tíma hefst tryggingarverndin ekki fyrr en frá þeim tíma þegar iðgjaldið er greitt (sjá tölul. 2.2, 1. mgr. í B-hluta).

Við greiðum ekki bætur vegna tryggingartilvika sem upp koma fyrir upphaf tryggingarverndar.

#### (2) Tryggingarvernd aukin

Ef tryggingarvernd er aukin eftirá gildir 1. mgr. einnig um þessa aukningu tryggingarverndar.

Ef váttryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð, GmbH) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess.

Ef lög heimila að fleiri varnarþing komi til greina, sem ekki er hægt að útiloka með samningum, er einnig hægt að höfða mál þar.

#### (2) Dómstóll með lögsögu í málshöfðunum okkar á hendur þér

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum verðum við að höfða fyrir þeim dómstól sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert.

Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegan dvalarstað þegar málið er höfðað, má höfða mál fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem útibú okkar, sem annast samninginn, er eða höfuðstöðvar okkar eru.

Ef váttryggingartaki er lögaðili (til dæmis hlutafélag eða félag með takmarkaðri ábyrgð, GmbH) eða sameignarfélag (Personengesellschaft) sem átt getur aðild að málum (til dæmis opið verslunarfélag, Offene Handelsgesellschaft, eða verslunarfélag með mismunandi eignarábyrgð, Kommanditgesellschaft), þá ræðst varnarþing af aðsetri þess. Ef aðsetur þess er óþekkt getum við höfðað mál fyrir dómstóli sem hefur lögsögu þar sem við erum með aðsetur, eða það útibú sem annast samning þinn.

#### (3) Lögsaga dómstóls ef búseta er utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss

Ef þú flytur heimili þitt til ríkis utan Evrópusambandsins, Íslands, Noregs eða Sviss getum bæði þú og við eingöngu höfðað mál út af tryggingarsamningnum, eða tryggingarmiðluninni, fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem höfuðstöðvar okkar eru.

## 2. Váttryggingaskírteini

### Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteini?

#### (1) Eigandi

Við getum litið svo á að handhafi tryggingarskírteinisins hafi heimild til að ráðstafa réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við bótum. En við getum krafist þess að handhafi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

#### (2) Sönnun á ráðstöfunarrétti

Ef bótaþegi hefur veitt öðrum eða afturkallað viðtökurétt eða afsalað sér eða veðsett kröfur, þurfum við eingöngu að viðurkenna staðfestingu á þessum rétti frá handhafa tryggingarskírteinis, ef sá sem hafði þennan rétt hingaðtil hefur tilkynnt okkur um breytinguna skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi, tölvupósti).

## 3. Þýskur réttur

### Hvaða réttur gildir um samninginn?

Um samning þennan gildir þýskur réttur.

## 4. Varnarþing

### Hvar er hægt að bera kröfur undir dómstóla?

#### (1) Dómstóll með lögsögu í málshöfðunum þínum á hendur okkur

Mál sem byggja á tryggingarsamningnum eða tryggingarmiðluninni má höfða fyrir dómstól sem hefur lögsögu þar sem það útibú okkar sem annast samning þinn eða höfuðstöðvar eru. Váttryggjandi getur lagt fram kæru í því varnarþingi þar sem váttryggingartaki á lögheimili, eða þar sem hann býr að staðaldrí, ef lögheimili er ekki til, á þeim tíma þegar kærnan er lögð fram.

## 5. Fyrning

### Hvenær fyrnast kröfur samkvæmt samningnum, lögum samkvæmt?

#### (1) Fyrningarfrestur og ráðandi lagareglur

Kröfur sem byggja á samningnum fyrnast á þremur árum samkvæmt 195. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB). Nánar um upphaf, lengd og hlé á fyrningu er að finna í 195. til 213. gr. Borgaralegrar lögbókar (BGB).

#### (2) Fyrningu frestað meðan bótaskylda okkar er í athugun

Ef okkur berst krafa samkvæmt samningnum er fyrningu hennar frestað þar til þér eða þeim sem lagði kröfuna fram berst ákvörðun okkar skriflega (til dæmis í bréfi, símbréfi eða tölvupósti).

## 6. Upplýsingar á samningstíma

Árlega, frá og með 2. tryggingarári fram að upphafi bótatímabils, sendum við tilkynningu þar sem lesa má upphæð tryggingabóta og, ef um þáttinn Ellilífeyrir er að ræða, auk þess stöðu höfuðstóls.

Eins má fá þessar upplýsingar hvenær sem óskað er eftir.

## 7. Breytingar á C-hluta

Í sumum samningum um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja, eða innan ramma hópsamninga, breytast ákveðnar reglur þátta þinna með nokkrum eftirfarandi reglum, þær verða ítarlegri fyrir þeirra tilfalli eða nýjar koma í þeirra stað. Hvaða breytingar gilda um trygginguna hverju sinni má lesa í tryggingarskírteininu eða tryggingargögnunum.

### Breyting C1: Hvað gildir um hópsamninga?

Í hópsamningum miðast iðgjald við upphafsstöðu hópsamnings.

### Breyting C2: Hvað gildir um lífeyrisgreiðslur fyrirtækja?

Tölul. 2, 2. mgr. fellur brott.

### Breyting C3: Hvað gildir um tryggingar innan ramma réttindajöfnunar félagsins?

Í stað tölul. 1 kemur:

## „1. Upphaf tryggingarverndar

### Hvenær hefst tryggingarverndin?

Tryggingarvernd hefst sama dag og úrskurður fjölskylduréttar tekur gildi.



## Hugtakaskýringar

Hér verða mikilvæg hugtök skilgreind. Í texta fyrsta þáttar eru þessi hugtök auðkennd með „→“. Dæmi:  
→**Tryggingartaki**.

### Matssjóðir:

Þegar fjárfestingar okkar eru metnar geta myndast →matssjóðir. Þeir verða til þegar markaðsvirði fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar á í efnahagsreikningi. Matssjóðir tryggja öryggi og gera það kleift að jafna út skammtímasveiflur á fjármagnsmörkuðum.

### Reiknistuðull:

Við lýsingu á reiknistuðlum þeim sem prósentuhluti hagnaðarhlutdeildar vísar til hverju sinni, notum við hugtök úr tryggingastærðfræði. Reiknistuðlarnir ráðast einkum af tryggingarþætti, umsömdu iðgjaldi og hæð tryggðs höfuðstóls við andlát. Reiknistuðlar eru fundnir samkvæmt viðurkenndum reglum í tryggingastærðfræði.

### Bótahöfuðstóll:

Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er reiknaður samkvæmt viðurkenndum reglum í tryggingastærðfræði út frá reikniforsendum iðgjaldaútreiknings. Hann er grundvöllur endurkaupsverðs, lokagreiðslu og hlutdeildar í matssjóðum.

### Framlag í bótasjóð:

Vátryggjendum ber lagaleg skylda til að mynda bótasjóði vegna skuldbindinga gagnvart tryggingartökum. Bótasjóðir samsvara þeirri upphæð sem þarf að vera fyrir hendi svo hægt sé, ásamt væntanlegum tryggingaiðgjöldum, að fjármagna tryggðar tryggingabætur. Bótasjóðir eru reiknaðir út samkvæmt ákvæðum 341. gr. e og f í verslunarlögum (HGB) og bótasjóðsreglugerð.

### Kostnaður:

Kostnaður í skilningi þessara skilmála er sá kostnaður sem tekið var tillit til í iðgjaldaútreikningi (samningsgerðar- og sölukostnaður sem og annar kostnaður). Til annars kostnaðar telst einkum umsýslukostnaður. Til kostnaðar í skilningi þessara tryggingarskilmála telst auk þess kostnaður af þínum völdum, sem innheimta má sérstaklega.

### Félagatryggingar:

Í félagatryggingum er um fleiri en einn tryggðan aðila að ræða. Reglur tryggingarskilmála sem fjalla um hinn tryggða gilda um félagatryggingar á sama hátt. Í því sambandi nægir – ef ekki er kveðið á um annað í tryggingarskilmálanum – að þeir málavextir sem um getur í tryggingarskilmálanum eigi við um einhvern einn hinna tryggðu.

### Reiknaður aldur:

Reiknaður aldur er aldur hins tryggða hverju sinni - þá er aldursári, sem er hafid en ekki lokið, bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir. Dæmi: Viðkomandi reiknast 62 ára að aldri þegar minna en 6 mánuðir eru í 62. afmælisdag.

### Reiknivextir:

Reiknivextir eru sú vaxtaþrósentia sem nauðsynleg er til að standa undir tryggðum bótum.

### Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalda:

Varasjóður vegna endurgreiðslu iðgjalds (RfB) er ákveðinn tryggingatæknilegur varasjóður í ársuppgjöri vátryggjanda. Þessi varasjóður er ígildi verðmætis krafna tryggingartaka vegna hlutdeildar í framtíðarhagnaði í skilningi verslunarlaga. Með varasjóðnum er með tímanum hægt að jafna út sveiflur - sem eru einkum algengar hvað fjármagnstekjur varðar.

### Töflur:

Með töflum getum við fundið líkur á að tiltekni atburðir gerist. Þær eru grundvöllur útreikninga okkar, sem tryggja að við getum staðið við samningsbundnar skuldbindingar okkar.

- Með dánartíðnitöflum getum við fundið út dánarlíkur.
- Með frekari töflum getum við ætlað öðrum tryggingartilvikum, eins og til dæmis tilkomu og lokum óvinnufærni eða umönnunarþörf, ákveðnar líkur. Við getum auk þess ákvarðað tilteknum atburðum líkindi, til dæmis dauðsföllum hjá óvinnufærum, eða hjá þeim sem eru umönnunarþurfi, eða endurteknum hjónaböndum.

### Prósentuhlutur í hagnaði:

Prósentuhlutur í hagnaði eru ákvarðaðir sem prósentuhlutur tiltekinn reiknistuðla. Slíkt fer fram fyrir hvern hagnaðar- og undirhóp fyrir sig, sem og fyrir mismunandi tegundir hagnaðarhluta (sjá tölul. 2.2, A-hluta - Áhættulíftrygging Plús). Prósentuhlutur í hagnaði eru tilgreindir hverju sinni í prósentum í viðauka við ársskýrslu okkar, eða tryggingartaka er greint frá þeim með öðrum hætti.

### Ábyrgur tryggingafræðingur:

Sérhvert líftryggingafyrirtæki verður að kalla til ábyrgan tryggingafræðing. Hann verður að vera áreiðanlegur og hæfur og búa yfir nægilegri kunnáttu í tryggingastærðfræði og starfsreynslu. Ábyrgur tryggingafræðingur skal einkum fylgjast með því að hægt verði til frambúðar að standa við skuldbindingar gagnvart tryggingatökum og að við útreikning á iðgjöldum og framlögum í bótasjóð sé farið að ákvæðum laga (141. gr. laga um tryggingaæftirlit - VAG).

### Hinn tryggði:

Hinn tryggði er sá sem líftryggður er. Hinn tryggði þarf ekki nauðsynlega að vera tryggingartaki. Í félagatryggingum er um fleiri en einn tryggðan aðila að ræða.

### Vátryggingartaki:

Tryggingartaki er sá sem sótti um trygginguna. Hann er tilgreindur þannig í tryggingarskírteininu. Réttindi og skyldur sem kveðið er á um í tryggingarskilmálanum eiga fyrst og fremst við um tryggingartaka sem viðsemjanda okkar.

## Tryggingarskilmálar

Tryggingarskilmálar þessir snúa að þér sem tryggingartaka okkar og samningsaðila.

### A-hluti – Bótapættir

Hér er að finna reglur er varða þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Hér er einnig að finna ítarlegri reglur um hlutdeild í hagnaði og reglur um tengsl einstakra þátta innbyrðis.

Reglur um grunnþáttinn sem og reglur B- og C-hluta tryggingarskilmálanna gilda einnig um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“, ef annað er ekki tekið fram hér á eftir.

### Þátturinn „Eftirlifendalífeyrir“ - Höfuðstóll við andlát af slysförum E3

#### Blaðsíða

1.	Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta.....	1
2.	Ítarlegri reglur um hagnaðarhlutdeild.....	1
3.	Ítarlegri reglur um kostnað vegna samningsins...	2
4.	Takmarkanir bóta og útilokanir frá bótum.....	2
5.	Sérstakar samstarfsskyldur þínar.....	3
6.	Yfirlýsing vegna bótaskyldu okkar 3.....	
7.	Tengsl þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ við grunnþáttinn.....	3
8.	Undanþága frá greiðslu iðgjalds og uppsögn þáttarins Höfuðstóll við andlát af slysförum.....	4
9.	Breytingar á þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ – Höfuðstóll við andlát af slysförum E3.....	4

## A-hluti – Bótapættir

### Þátturinn „Eftirlifendalífeyrir“ - Höfuðstóll við andlát af slysförum E3

Hér er að finna reglur er varða þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Hér er einnig að finna ítarlegri reglur um hlutdeild í hagnaði og reglur um tengsl einstakra þátta innbyrðis.

Reglur um grunnþáttinn sem og reglur B- og C-hluta tryggingarskilmálanna gilda einnig um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“, ef annað er ekki tekið fram hér á eftir.

## 1. Forsendur bótagreiðslna og umfang bóta

Í þessum hluta er fjallað um:

- 1.1 Hvaða tryggingagreiðslur innum við af hendi?
- 1.2 Hvað flokkast undir slys samkvæmt þessum skilmálum?
- 1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

### 1.1 Hvaða tryggingagreiðslur innum við af hendi?

Ef hinn tryggði andast af afleiðingum slyss greiðum við þann tryggða höfuðstól sem um var samið fyrir slíkt tilvik. Forsendur fyrir því eru:

- Slysið átti sér stað eftir gildistöku þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ og
- andlátíð ber að höndum á tryggingartíma þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ og innan eins árs frá því að slysið varð.

### 1.2 Hvað flokkast undir slys samkvæmt þessum skilmálum?

Um slys er að ræða þegar hinn tryggði verður fyrir óvæntum og óæskilegum utanaðkomandi atburði (slysatilvik) sem líkamstjón hlýst af.

### 1.3 Hvaða reikniforsendur gilda um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

#### (1) Reikniforsendur við gerð samnings um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“

Við gerð samningsins um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum bótum:

- dánartíðnitöflu okkar „AZ 2012 T U“,
- reiknivextina 0,9 prósent og
- kostnað vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ (sjá nánar í tölul. 3).

#### (2) Reikniforsendur þegar bætur hækka og í öðrum tilvikum

Þegar bætur hækka (til dæmis með hagnaðarhlutum) reiknum við viðbótarbæturnar alltaf með reikniforsendunum (einkum reiknivöxtum, töflum og kostnaði vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“), sem lagðar voru til grundvallar við gerð samningsins um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“.

Ef aðrar reikniforsendur en þær sem lágu til grundvallar við samningsgerð eru í gildi á hækkuardegi og snerta útreikning á bótasjóði í nýjum sambærilegum tryggingum, vegna ákvarðana eftirlitsyfivalda og/eða opinberra yfirlýsinga Þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV), getum við sömuleiðis lagt þær til grundvallar við hækku bótagreiðslna.

Ef gildandi reikniforsendur fyrir útreikning á bótasjóði breytast á ný, eftir hækku bóta, getum við við síðari hækku bóta beitt nýju reikniforsendunum eða lagt áfram til grundvallar þær reikniforsendur sem síðast var beitt.

Við greinum þér frá því ef við beitung öðrum reikniforsendum en við gerð samningsins um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“, eða við síðustu hækku greiðslna.

Þegar bætur hækka leggjum við, við útreikning á viðbótarbótum, í hæsta lagi það prósentustig kostnaðar vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ til grundvallar, sem kom fram við samningsgerð.

Að undanskildum þeim tilvikum þegar greiðslur hækka gilda þessar reglur á sama hátt, þegar skilmerkilega er vísað til þeirra í viðkomandi liðum þessara tryggingarskilmála.

## 2. Ítarlegri reglur um hagnaðarhlutdeild

Í þessum hluta er fjallað um:

- 2.1 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?
- 2.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í matssjóðunum með tilliti til þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

### 2.1 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

#### (1) Þátttaka í tryggingum gegn eingreiðslu iðgjalds eða með misháum iðgjaldagreiðslum

Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ öðlast hlutdeild í áunnum hagnaði (reglubundin hagnaðarhlutdeild), allt eftir því til hvaða tryggingaflokks hann telst.

Árlegur hagnaðarhlutur samanstendur af hlut í vaxtahagnaði. Upphæð vaxtahagnaðar má lesa út úr hagnaðaryfirlýsingunni en vaxtahagnaður getur staðið á núlli.

#### a) Útreikningur og úthlutun reglubundinna hagnaðarhlutdeilda

Fjárhæð þeirra hagnaðarhluta sem ráðstafa skal inn á samninginn finnum við samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar. Þá leggjum við til grundvallar skilgreinda prósentuhluti hagnaðarhlutdeilda eins og þeir eru á hverjum tíma, og viðkomandi reiknistuðul.

Við útteilum vaxtahagnaði árlega í byrjun váttryggingarárs, þó fyrst í byrjun annars váttryggingarárs.

Reikniforsendurnar ráðast einkum af

- aldri hins váttryggða,
- umsömdum tryggingartíma,
- þeim tryggingartíma sem þegar er liðinn og
- hæð umsamins tryggðs höfuðstóls.

Þær eru fundnar samkvæmt grundvallarreglum tryggingastærðfræðinnar.

#### b) Ráðstöfun árlegra hagnaðarhluta

Við ráðstöfum árlegum hagnaðarhlutum þessa þáttar eins og reglur um grunnþáttinn gera ráð fyrir í kaflanum „Greiðslur úr hagnaðarhlutdeild“, undirkaflanum „Hvernig er hagnaðarhlutur tryggingarinnar ráðstafað?“

**(2) Hlutdeild trygginga með reglubundnu iðgjaldi**

Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ öðlast ekki sérstaka hlutdeild í hagnaði.

## 2.2 Hvernig veitum við samningi þínum hlutdeild í hagnaðinum með tilliti til þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

Matssjóðunum er deilt á samningana með orsakamiðaðri aðferð. Undir þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ falla engir eða aðeins smávægilegir matssjóðir í skaut. Iðgjaldahlutir þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ eru reiknaðir þannig að þeirra er þörf til að standa undir áhættu og kostnaði. Þar af leiðandi eru engar eða aðeins óverulegar fjárhæðir fyrir hendi til fjárfestinga sem nýta mætti til að byggja upp matssjóði.

## 3. Ítarlegri reglur um kostnað vegna samningsins

### Hvaða ítarlegri reglur gilda um kostnað vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

**(1) Samningsgerðar- og sölukostnaður**

Við reiknum ekki samningsgerðar- og sölukostnað á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“.

**(2) Annar kostnaður**

Þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ fylgir annar kostnaður. Þér ber einnig að greiða þann kostnað. Til annars kostnaðar þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ telst einkum umsýslukostnaður. Umsýslukostnaður vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ er kostnaðurinn vegna stöðugrar umsýslu þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Allur annar kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið og hann þarf því ekki að greiða sérstaklega.

Á meðan iðgjöld eru greidd leggjum við á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ annan kostnað sem prósentuhlut umsaminnna iðgjalda vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Þennan annan kostnað drögum við af iðgjöldunum samkvæmt þeim greiðslumáta sem þú valdir.

## 4. Takmarkanir bóta og útilokanir frá bótum

Í þessum hluta er fjallað um:

- 4.1 Hvaða grundvallaratriði gilda um bótaskylda okkar?
- 4.2 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar takmörkuð?
- 4.3 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar útilokuð?

### 4.1 Hvaða grundvallaratriði gilda um bótaskylda okkar?

Við greiðum almennt bætur óháð því hvernig slysið átti sér stað.

### 4.2 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar takmörkuð?

Ef andlátið orsakaðist, auk slyssins, af völdum veikinda eða langvarandi heilsuþrengis að 25 hundradshlutum eða meira, lækkar greiðsluskylda okkar sem þeim hluta nemur.

## 4.3 Í hvaða tilvikum er bótaskylda okkar útilokuð?

**(1) Útilokanir frá bótum ef slys verður**

Við greiðum engar bætur ef um slys er að ræða

a) sem rekja má til geð- eða vitundartruflana, að því leyti sem rekja má þessar truflanir til ólvunar, sem og til heilablóðfalls, flogakasts eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins váttryggða.

Við greiðum þó óskertar bætur ef truflanir þessar eða áföll stafa af slysi samkvæmt tölulíð 1.2.

b) vegna þess að hinn váttryggði fremur glæp eða afbrot af ráðnum hug eða gerir refsiverða tilraun til þess.

c) vegna óeirða innanlands, ef hinn váttryggði hefur tekið þátt í þeim sem fylgjandi þeirra er stofnuðu til óeirðanna.

d) sem orsakast beint eða óbeint af stríðsátökum.

Við greiðum þó óskertar bætur ef hinn váttryggði andast meðan á dvöl hans stendur utan Þýskalands í beinum eða óbeinum tengslum við stríðsátök sem hann tók ekki virkan þátt í.

e) vegna

- starfa hins váttryggða sem stjórnandi loftfars (einnig flugþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum,
  - starfa sem annar í áhöfn loftfars,
  - starfs sem vinna þarf með hjálp loftfars eða
  - við notkun geimfara.
- f) sem beint eða óbeint komu til vegna kjarnorku.
- g) sem beint eða óbeint komu til í tengslum við
- vísitandi beitingu kjarna-, líffræðilegra- eða kemískra vopna (ABC-vopna) eða
  - vísitandi beitingu eða vísitandi losun geislavirkra, líffræðilegra- eða kemískra efna, ef beiting eða losun miðaði að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu.

Við greiðum þó óskertar bætur í tilvikum f) og g) ef um afmarkaðan atburð í tíma og rúmi er að ræða, þar sem ekki látast fleiri en 1.000 manns beint eða fyrirsjáanlega óbeint innan fimm ára frá atburðinum eða muni hljóta varanlegt alvarlegt heilsutjón.

Við munum innan sex mánaða frá atvikinu fela óháðum matsmanni að kanna, og ef við á staðfesta, forsendur fyrir óskertri greiðsluskyldu. Kröfur um óskertar tryggingarbætur gjaldfalla ekki fyrr en í fyrsta lagi að þeim fresti liðnum.

h) sökum sjúklegra truflana sem afleiðingar sálrænna viðbragða, óháð því hvernig þau eru til komin.

**(2) Útilokanir frá bótum í öðrum tilvikum**

Við greiðum heldur ekki ef um er að ræða

a) Heilsutjón sökum geislunar.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slyss samkvæmt tölulíð 1.2.

b) Heilsutjón vegna lækningaráðstafana eða inngríp eða aðgerðir í öðrum tilgangi sem hinn váttryggði framkvæmir eða lætur framkvæma á líkama sínum.

Við greiðum þó óskertar bætur ef til þessara inngripa eða lækningaráðstafana, þar með taldar geislagreiningar eða geislalækningar, er stofnað vegna slyss samkvæmt tölulíð 1.2.

#### c) Sýkingar

Við greiðum þó óskertar bætur ef sóttkeikjurnar komust inn í líkamann vegna slyss samkvæmt tölulíð 1.2. Ekki teljast sem slysaáverkar

- húð- og slímhúðaráverkar sem eru smávægilegir í eðli sínu og sem komast strax eða síðar inn í líkamann af völdum sóttkeikjanna.
- sýkingar sem hljóttast af lækningaráðstöfunum.

Þessar takmarkanir eiga ekki við um hundæði og stífkrampa.

#### d) Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna um kokið.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slyss samkvæmt tölulíð 1.2.

#### e) sjálfsvíg af ráðnum hug.

Þetta gildir einnig þó svo að hinn váttryggði hafi framið verknaðinn í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa viljaákvörðun.

Við greiðum þó óskertar bætur ef um er að ræða afleiðingar slysatilviks sem fellur undir þennan þátt.

## 5. Sérstakar samstarfsskyldur þínar

Auk þeirra samstarfsskyldna sem taldar eru upp hér á eftir gilda einnig þær samstarfsskyldur grunnþáttarins sem gilda um alla þætti og tilgreindar eru í kaflanum „Samstarfsskyldur þínar“.

Í þessum hluta er fjallað um:

- 5.1 Hvað þarf að hafa í huga þannig að lagaleg réttindi glatist ekki eftir andlát hins váttryggða af slysförum?
- 5.2 Hverjar eru afleiðingar þess að brjóta gegn samstarfsskyldu?

### 5.1 Hvað þarf að hafa í huga þannig að lagaleg réttindi glatist ekki eftir andlát hins váttryggða af slysförum?

#### (1) Tilkyppingarskylda

Tilkyppna verður okkur tafarlaust um andlát hins váttryggða af slysförum – helst innan 48 klukkustunda.

#### (2) Samstarf við greiningu á bótaskyldu

Til að skera úr um greiðsluskyldu okkar getum við farið fram á frekari nauðsynlegar sannanir og upplýsingar. Við áskiljum okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma skoðun eða krufningu ef þurfa þykir.

Verði okkur neitað um heimild til krufningar erum við leyst undan greiðsluskyldunni. Þetta á þó ekki við ef neitunin hefur engin áhrif á ákvörðun eða umfang bótaskyldu okkar.

### 5.2 Hverjar eru afleiðingar þess að brjóta gegn samstarfsskyldu?

Bætur okkar gjaldfalla þegar við höfum lokið nauðsynlegri gagnaöflun í því skyni að leggja mat á tryggingartilvikið og umfang bóta. Ef þú rækir ekki einhverja af þeim skyldum sem tilgreindar eru í þessum kafla getur það leitt til þess að við náum ekki að leggja mat á hvort eða að hve miklu leyti við erum bótaskyld. Brot gegn samstarfsskyldu getur þannig leitt til þess að bótageiðslur okkar gjaldfalla ekki.

## 6. Yfirlýsing vegna bótaskyldu okkar

### Hvenær gefum við út yfirlýsingu um bótaskyldu okkar?

Veita verður okkur nauðsynleg sönnunargögn um tildrög slyssins og afleiðingar slyssins svo ákvarða megi bótaskylduna. Auk þess er okkur heimilt að afla sjálf nauðsynlegra gagna.

Þegar okkur hafa borist öll nauðsynleg sönnunargögn og að lokinni nauðsynlegri gagnaöflun tilkynnum við í síðasta lagi að fjórum vikum liðnum skriflega (til dæmis með bréfi, símbréfi, tölvupósti) hvort við greiðum bætur og þá hversu miklar.

## 7. Tengsl þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ við grunnþáttinn

Í þessum hluta er fjallað um:

- 7.1 Í hvaða tilvikum fellur þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ niður þegar grunnþættinum lýkur?
- 7.2 Hvaða áhrif hefur það á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ að lækka iðgjaldið fyrir grunnþáttinn?
- 7.3 Hvaða áhrif hefur undanþága frá greiðslu iðgjalds fyrir trygginguna á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?
- 7.4 Hvernig er hægt að hækka á ný eða endurvekja tryggingarvernd þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ eftir lækun iðgjalds eða undanþágu frá greiðslu iðgjalds?
- 7.5 Hvaða áhrif hefur uppsögn tryggingarinnar á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

### 7.1 Í hvaða tilvikum fellur þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ niður þegar grunnþættinum lýkur?

#### (1) Tengsl við grunnþáttinn

Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ myndar eina heild ásamt grunnþættinum; ekki er hægt að halda honum áfram án grunnþáttarins. Þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ fellur þar af leiðandi niður í síðasta lagi þegar grunnþættinum lýkur eða í síðasta lagi við töku lífeyris úr grunnþættinum.

Ef greidd eru reglubundin iðgjöld og ef umsaminn iðgjaldsgreiðslutími grunnþáttarins er styttri en tryggingar- eða biðtíminn, þá lýkur þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ í lok umsamins iðgjaldsgreiðslutíma.

#### (2) Tryggingarvernd heldur áfram við óvinnufærni

Ef samið var um þáttinn „Lífeyrir vegna óvinnufærni“ og ef við höfum, að fullu eða að hluta, leyst þig undan þeirri skyldu að greiða iðgjöld vegna þess að hinn váttryggði er óvinnufær, þá heldur þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ áfram.

### 7.2 Hvaða áhrif hefur það á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ að lækka iðgjaldið fyrir grunnþáttinn?

Ef greidd eru reglubundin iðgjöld fyrir grunnþáttinn og ef iðgjald fyrir grunnþáttinn er lækkað skerðast greiðslur úr grunnþættinum. Þar af leiðandi skerðist líka tryggingarvernd þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingafræðinnar. Skertur trygður höfuðstóll þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ samsvarar þá þeim hluta grunnþáttarins sem lækkaða iðgjaldið er framvegis greitt fyrir.

### 7.3 Hvaða áhrif hefur undanþága frá greiðslu iðgjalds fyrir trygginguna á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

Ef tryggingin er gerð iðgjaldsfrí fellur þátturinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ úr gildi.

### 7.4 Hvernig er hægt að hækka á ný eða endurvekja tryggingarvernd þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ eftir lækun iðgjalds eða undanþágu frá greiðslu iðgjalds?

Ef greiðsla úr grunnþættinum og þar með tryggingarverndin úr þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ skerðist sökum þess að iðgjald lækkar eða vegna undanþágu frá greiðslu iðgjalds (tölul. 7.2) eða ef þátturinn fellur úr gildi (tölul. 7.3) má fara fram á að þessi tryggingarvernd hækki eða verði endurvakin gegn stakri iðgjaldsgreiðslu. Forsendur fyrir því eru:

- Beiðnin þarf að berast okkur innan sex mánaða frá lækun eða frá því að iðgjaldsundanþága var veitt.
- Hlutfallið milli bóta úr þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“, annars vegar, og bóta úr grunnþættinum, hins vegar, eftir hækun eða endurheimt, verður að vera í samræmi við það hlutfall sem ríkti fyrir lækun eða undanþágu frá greiðslu iðgjalds.

Við veitum þér upplýsingar um frekari forsendur og áhrif ef óskað er.

### 7.5 Hvaða áhrif hefur uppsögn tryggingarinnar á þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“?

#### (1) Endurkaupsvirði tryggingarinnar

Ef þú segir tryggingu upp, þá greiðum við – sé það fyrir hendi – endurkaupsvirði tryggingarinnar. Það er sett saman úr endurkaupsvirði grunnþáttarins og endurkaupsvirði annarra umsaminna þátta. Ef endurkaupsvirði þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ er neikvætt er það ekki gert upp með því að nota endurkaupsvirði grunnþáttarins og, ef við á, innifalinn þátt „Eftirlifendalífeyrir“.

Endurkaupsvirði þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ er bótahöfuðstóll þáttarins (169. gr. laga um tryggingasamninga (VVG)) eins og hann reiknast samkvæmt viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar þar sem lagðar eru til grundvallar iðgjaldareikniforsendur á uppsagnardegi.

#### (2) Frádráttur

Frá upphæðinni sem finnst samkvæmt 1. mgr. reiknum við frádrátt vegna grunnþáttarins og vegna frekari umsaminna þátta. Enginn frádráttur er þó vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Í tryggingarupplýsingunum er tilgreint hversu hár frádrátturinn er. Þar eru ástæður frádráttar sömuleiðis útskýrðar.

Við teljum frádráttinn sanngjarnan. Við þurfum að gera grein fyrir þessu og sanna. En ef þú færir okkur sönnur á að í þínu tilfelli eigi frádrátturinn alls ekki við eða eingöngu lægri upphæð, þá fellur frádrátturinn niður eða við lækunum hann – í báðum tilvikum.

## 8. Undanþága frá greiðslu iðgjalds og uppsögn þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“

Í þessum hluta er fjallað um:

### 8.1 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?

### 8.2 Hvað gildir um uppsögn?

### 8.1 Hvað gildir um iðgjaldsundanþágu?

Ekki er hægt að gera þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ iðgjaldsfrían.

### 8.2 Hvað gildir um uppsögn?

Hægt er að segja upp þættinum „Höfuðstóll við andlát af slysförum“. Þú átt hins vegar hvorki rétt á endurkaupsvirði né iðgjaldsfríum bótum.

## 9. Breytingar á þættinum Eftirlifendalífeyrir – Höfuðstóll við andlát af slysförum E3

Í sumum samningum (t.d. samningum með sérstöku samkomulagi varðandi ráðstöfun hagnaðar) þarf að breyta eða auka við einstök ákvæði skilmálanna.

Sjá má breytingar sem snerta trygginguna þína í tryggingarskírteininu þínu eða tryggingarsamningnum þínum.

### Breyting KU1: Hvað gildir um grunnþáttinn „Framtíðarlífeyrir Perspektive“ eða „StartPolice Perspektive“ eða um grunnþáttinn „Framtíðarlífeyrir InvestFlex með ábyrgð“ eða „Framtíðarlífeyrir InvestFlex“?

Í stað 1. mgr. tölul. 2.1, b-lið, kemur:

#### b) Ráðstöfun árlegra hagnaðarluta

Ef grunnþátturinn inniheldur

- „Framtíðarlífeyri Perspektive“ eða „StartPolice Perspektive“ eða þá
- „InvestFlex framtíðarlífeyri með ábyrgð“ eða „InvestFlex framtíðarlífeyri“ ráðstöfum við árlegum hagnaðarlutum þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ eins og reglur um grunnþáttinn gera ráð fyrir í kaflanum „Greiðslur úr hagnaðarlutdeild“, undirkaflanum „Hvernig er hagnaðarlutum tryggingarinnar ráðstafað?“

### Breyting KU2: Hvað gildir um starfsgreinasjóð innan samnings þar sem samið hefur verið um sérstakar reikniforsendur?

Í stað 1. mgr. tölul. 1.3 kemur:

#### „(1) Reikniforsendur við gerð samnings um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“

Við gerð samningsins um þáttinn „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ notum við eftirfarandi reikniforsendur við útreikning á tryggðum bótum:

- dánartíðnitöflu okkar „AZ 2008 T“,
- reiknivextina 0,9 prósent og
- kostnað vegna þáttarins „Höfuðstóll við andlát af slysförum“ (sjá nánar í tölul. 3).“

### Breyting KU3: Hvað á við um grunnþáttinn „Framtíðarlífeyrir KomfortDynamik“?

Í stað 1. mgr. tölul. 2.1, b-lið, kemur:

Tryggingarskilmálar:

Hluti A – Breytingar á þættinum „Eftirlifendalífeyrir“ – Höfuðstóll við andlát af slysförum

**b) Ráðstöfun árlegra hagnaðarluta**

Við ráðstöfum árlegum hagnaðarlutum þessa þáttar eins og reglur um grunnþáttinn gera ráð fyrir í kaflanum „Greiðslur úr hagnaðarlutdeild“, undirkaflanum „Hvernig er hagnaðarlutum tryggingarinnar ráðstafað?“